

# Safnaðarblað Akraneskirkyju

Mars 2000 - 1. tbl. - 1. árg.



# Nýtt safnaðarblað

Nýtt safnaðarblað Akraneskirky lítur hér dagsins ljós. Blaðinu er ætlað að verða til upplýsingar um starfið í söfnuðinum og í því verða birtar greinar og ljósmyndir. Stefnt er að því að gefa út eitt til tvö tölublöð á ári.

Í þessu 1. tölublaði kennir ýmissa grasa. Hér eru m.a birtar stólræður nokkurra gestaprédikara á s.l. tveim árum, sagt frá Ítalíuferð kirkjukórsins í fyrra, birtar myndir af fermingarbörnum s.l. tveggja ára og sagðar ýmsar fréttir af því sem er að gerast í safnaðarstarfinu.

Vonast sóknarprestur og sóknarnefnd Akraneskirky til þess að blaðinu verði vel tekið og það muni efla safnaðarvitund Akurnesinga og þeirra nærsveitunga sem eru í prestakallinu.

## 18 þúsund kirkjugestir á einu ári

Rúmlega 18 þúsund gestir komu í Akraneskirky á tímabilinu frá 1. maí 1998 til 1. maí 1999. Flestir komu í aprílmánuði en þá voru fermingar – eða 3098 – en fæstir í janúar, 610.

Hver segir svo að kirkjur standi auðar nú á dögum?!

Í safnaðarheimilið komu einnig rúmlega 18 þúsund manns, flestir í mars en fæstir í ágúst. – Fermingarbörnin í fyrra voru 87 talsins.

Á þessu tímabili voru haldnar 43 almennar guðsþjónustur, 6 fermingarathafnir og ein skátamessa. Bænastundir voru 30, barnamessur 55, 18 giftingar, 13 börn voru skírð í messum en 32 börn í kirkju utan athafnar. Útfarir voru 29. Kaþólskar messur voru 6.

Enn eru þá ótaldir guðsþjónustur á Dvalarheimilinu Höfða og Sjúkrahúsi Akraness – og skírnir í heimahúsum.

## Hjónanámskeið vel sótt

Í fyrra gekkst Akraneskirky fyrir hjónanámskeiði. Leiðbeinandi var sr. Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari. Námskeiðið stóð í fimm klukkustundir og var vel sótt. 17 hjón og ógift pör tóku þátt í því. Fjallað var um ástina, kærleikann, samskipti kynjanna og fjölskylduna – og það hvernig hægt er að gera gott samband betra.

Í fyrrahaust var síðan guðsþjónusta í Akraneskirky helguð hjónabandinu og var kirkjan þéttsetin. Sóknarprestur prédikaði um kærleikann og ástina, kirkjukórinn söng fallega brúðkaupsálma og organistinn lék 3 vinsæl „ástarlög“. Eftir guðsþjónustu var kirkjugestum boðið í kaffi í safnaðarheimilinu.

Í ár verður Dagur hjónabandsins haldinn öðru sinni – og nú 22. október. Ástfangið fólk á öllum aldri er hvatt til þess að taka þann dag frá strax og merkja við hann í dagbókinni!

## Safnaðarblað Akraneskirky

1. tölublað 1. árg. Mars 2000.

Útgefandi:

Akranessókn

Ábyrgðarmaður:

Eðvarð Ingólfsson

Prentun:

Prentverk Akraness hf.

Gefið út í 2500 eintökum.

Sóknarnefnd:

Indriði Valdimarsson, formaður.

Jóhannes Ingibjartsson, ritari.

Bryndís Bragadóttir.

Brynja Einarsdóttir.

Þjóðbjörn Hannesson.

Þóra Björk Kristinsdóttir.

Dagbjört Friðriksdóttir.

Elsa Ingvarsdóttir.

Hörður Pálsson.

Ingimar Magnússon.

Ljósmyndir af fermingarbörnum:

Myndsmiðjan

## Efnisyfirlit

Hugleiðing sóknarprests .....	3
Líf og fjör í askuljóðsstarfinu ...	4
Skýrsla sóknarnefnarformanns.	6
Unglingakór Akraneskirky stofnaður.....	7
Árni Grétar Finnsson: 50 ára fermingarafmæli.....	8
Guðrún Karlsdóttir: Æskuljóðsfélag kirkjunnar....	10
Myndir af fermingarbörnum 1998 .....	11
Hjónavigslur 1998-1999.....	14
Vel heppnuð Ítalíuferð .....	16
Anna Sólveig Smáradóttir: Þjóðhátíðarræða.....	18
Gísli S. Sigurðsson: Ávarp á sumardaginn fyrsta	20
Myndir af fermingarbörnum 1999 .....	23
Fermingarbörn á Akranesi vorið 2000.....	26
Starfsfólk Akraneskirky .....	29

Eðvarð Ingólfsson sóknarprestur:

# Á tímamótum



**I**  
Hvað boðar nýárs blessuð sól? Hórti þjóðskáldið okkar sr. Matthías Jochumsson í einum fegursta sálmi íslenskrar tungu.

Árið 1999 hefur kvatt. Enn einn áfanginn að baki og nýr framundan. Við fögnum nýju ári, aldamótaári, með bæn í huga og hjarta, spurn og eftirvæntingu í augum.

Árþúsundamót, aldamót, tímamót! Þetta eru stór og falleg orð og leiða huga okkar að gildi tímans.

Skipta áramót eða aldamót einhverju máli fyrir innra líf okkar og heill? Eru þau einhver trygging fyrir hamingju?

Hvenær hafa t.d. orðið tímamót á þinni ævi? Varla hafa þau einungis orðið um áramót eða á stórafmælum?! Dagurinn, þegar einhver uppgötvar það að hann er ástfanginn, er t.d. merkilegur dagur. Dagurinn, þegar kærustuparið fer að vera saman, er líka merkilegur, þ.e.a.s. ef hann leiðir til ævilangrar og blessunarríkrar samfylgdar. Dagurinn, þegar langbráðum námsáfanga er náð, er einnig einstakur, sömuleiðis dagurinn þegar sjúklingur hlaut bata eftir erfið veikindi. Svo má áfram telja.

En það er ekki bara á gleðistundum í lífi manna sem verða

tímamót, heldur einnig þegar sorgin knýr dyra. Sumum dögum fylgja þungir skuggar sem aldrei gleymast!

Stórafmæli er t.a.m. í sjálfu sér ekki merkisafmæli, í raun og veru, nema menn hafi einhverju að fagna, t.d. farsælli og góðri ævi. Það að verða fimmtugur eða sextugur er ekkert afrek í sjálfu sér. Flestir verða það. Öll gleðileg tímamót verða að fela í sér þakklæti fyrir það sem liðið er, vonir og væntingar til lífsins framundan. Ef slík tímamót geta aukið víðsýni og þroska – og gert mann að betri manneskju en fyrr – þá eru þau mikils virði.

Það er, sem sé, ekki tímalengdin sem er mælikvarði á gæði lífsins heldur það hvernig við mætum því sem lífið færir okkur og ávöxtum það pund sem okkur er fengið í hendur. Lífið er vissulega stórfenglegra en það sem klukkan tjáir og tímatalið sýnir.

Stærstu tímamótin á ævileið, að kristnum skilningi, eru að sjálf-sögðu þau þegar fólk eignast einlæga og sanna trú á Drottin Guð og gerir Jesú Krist að leiðtoga lífs síns. Þau þáttaskil geta orðið á öllum tímum, ekki bara á áramótum eða stórafmælisdögum, heldur hvaða dag sem er.

## II

Í 1000 ár hefur Guð vakað yfir þessari þjóð og blessað hana. Trúararfurinn hefur veitt okkur ómetanlegan styrk í skini og skuggum aldanna. Við njótum enn góðs af honum og okkur ber að ávaxta hann, ekki aðeins sem minjar um veröld sem var, heldur sem lifandi veruleika. Íslensk þjóð verður hvorki skilin né skilgreind nema í ljósi þeirrar trúar sem mótad hefur sjálfsvitund hennar um aldir. Þá gjöf, sem trúin er, skulum við þakka um leið og við felum góðum Guði framtíð okkar – framtíð þjóðar, manns og heims.

## III

Hvað boðar nýárs blessuð sól? spyr skáldið og það svarar sjálft þeirri spurningu í næstu hendingum:

*„Hún flytur líf og líknarráð,  
hún ljómar heit af Drottins náð.“*

Algóður Guð leiði okkur til móts við nýja öld og signi sérhvert óstigið ævispor okkar. Ef Jesús Kristur fær að vera með í för og móta dagfar okkar og breytni þá er ekkert að óttast! Hann mun stýra fari „heilum heim – í höfn á friðarlandi,“ eins og segir í öðrum kunnunum sálmi.

# Líf og fjör í barna- og æskulýðsstarfinu



**E**ins og þessar myndir sýna hefur verið mikil og góð þátttaka í barna- og æskulýðsstarfi Akraneskirku í vetur. 120 börn hafa að jafnaði sótt samverur í kirkjuskólanum á laugardagsmorgnum, 40 börn fundi hjá TTT (í 10-12 ára starfi) – og mjög góð þátttaka hefur verið í æskulýðsfélaginu.

Elín Jóhannsdóttir, kennari, ritstjóri og námsgagnahöfundur, er leiðtogi í barnastarfi Akraneskirku í vetur. Hún sér um kirkjuskólann á laugardagsmorgnum og TTT-starfið eftir hádegi sömu daga. Þess má geta að Elín hefur um



Úr kirkjuskólanum



langt árabil samið allt kirkju- og sunnudagaskólaefni fyrir þjóðkirkjuna og er hönnuður brúðanna sem notaðar eru. Það er því mikill fengur fyrir okkur að fá að njóta starfskrafta hennar. Hannes Baldursson tónmenntakennari hefur verið henni til aðstoðar, leikið undir á píanó – og lagt þessu starfi ómetanlegt lið.

Æskulýðsfélag Akraneskirku og KFUM og K heldur fundi sína á mánudagskvöldum. Leiðtogar eru þrír, þau Hjördís Garðarsdóttir, David Butt og Nína Dau. Þau hafa sýnt þessu starfi mikinn áhuga og staðið sig mjög vel. Fundir æskulýðsfélagsins eru haldnir í húsnæði KFUM og K við Garðabraut.

## Frá fundi í æskulýðsfélaginu



Úr TTT-starfinu



Indriði Valdimarsson:

# Mikið og fjölbreytt safnaðarstarf

Útdráttur úr skýrslu formanns á aðalsafnaðarfundum í maí 1999



**A**ðalsafnaðarfundum á síðasta ári var kjörin sóknarnefnd til fjögurra ára og í henni eiga eftirtaldir sæti:

Í aðalstjórn: Indriði Valdimarsson, Jóhannes Ingibjartsson, Brynja Einarsdóttir, Þjóðbjörn Hannesson og Þóra Björk Kristinsdóttir. Í varastjórn eiga sæti: Hörður Pálsson, Ingimar Magnússon, Elsa Ingvarsdóttir, Dagbjört Friðriksdóttir, Bryndís Bragadóttir. Endurskoðendur voru kjörnir Einar Jón Ólafsson og Adolf Ásgrímsson.

Nefndin kom saman til fyrsta fundar síns 11. júní í fyrra og skipti með sér verkum. Formaður var kjörinn Indriði Valdimarsson og ritari Jóhannes Ingibjartsson. Á þessum fundi var samþykkt að skipa til eins árs þriggja manna starfshóp sem hefði það hlutverk að vera nokkurs konar framkvæmdanefnd. Þetta var hugsað til að auðvelda framkvæmd ýmissa mála sem hægt væri að afgreiða á fljót-virkari hátt heldur en að kalla alltaf saman sóknarnefnd til ákvarðana um þá hluti sem kunna að koma upp hverju sinni.

Sóknarnefnd hélt 5 fundum á árinu en framkvæmdanefndin kom saman 5 sinnum formlega auk þess að eiga oft símafundi.

Starfið innan safnaðarins hefur verið mikið þetta árið og mun ég nú tæpa á því helsta sem gerðist:

S.l. haust (1998) var ákveðið að gera tilraun með að brjóta örlítið upp barna- og unglingastarfið. Ráðin var til kirkjunnar Guðrún Karlsdóttir úr

Reykjavík en hún er nú að ljúka guðfræðinámi. Starfið hófst 19. september og því lauk 26. apríl. Það var fjórskipt: Kirkjuskóli yngri barna, 0-6 ára, var á laugardögum kl. 11-12. Kirkjuskóli eldri barna, 7-9 ára, var á mánudögum kl. 17.30 - 18.30. TTT-starf, 10-12 ára, á laugardögum kl. 13-14 – og síðan var stofnað æskulýðsfélag fyrir unglinga, 13-16 ára, og fundaði það á mánudagskvöldum. Það var í samstarfi við KFUM og -K og voru fundir haldnir ýmist í safnaðarheimilinu eða húsnæði KFUM og -K við Garðabraut. Í þessu samstarfi lagði kirkjan til einn leiðtoga og KFUM og -K annan.

13. mars var haldið hjónanámskeið á vegum kirkjunnar. Sr. Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari sá um það og var það vel sótt. 16. mars var haldinn fyrirlestur um sorg barna. Sr. Sigurður Pálsson flutti. Fyrirlesturinn var einnig mjög vel sóttur.

Þá var haldin kvöldstund með foreldrum fermingarbarna í febrúar. Halla Jónsdóttir uppeldisfræðingur fjallaði þar um samskipti kynslóðanna og trúna. Um 100 foreldrar komu á þessa samverustund.

Sent var bréf til nokkurra félagsamtaka þar sem þeim var boðið að koma til guðsþjónustu einhvern ákveðinn sunnudag og taka þátt í henni, t.d. með ritningarlesturum. Tvö félög svöruðu þessu bréfi og hafa nú þegar komið. Þetta mæltist vel fyrir.

Í febrúar fór framkvæmdanefnd ásamt sóknarpresti til Reykjavíkur og

heimsótti þar þrjár kirkjur í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi þeirra. Þetta voru Grafarvogskirkja, Langholtskirkja og Bústaðakirkja. Var okkur tekið mjög vel og urðum við margs fróðari.

Þá má hér greina frá því að á föstudaginn langa var lesið úr Passíusálmunum. Núverandi og fyrrverandi sóknarprestar ásamt átta sóknarnefndarmönnum lásu sálmana og organisti kirkjunnar og einsöngvari fluttu tónlist á milli lestra. Þetta þótti takast vel og er jákvætt fyrir kirkjuna að bjóða upp á tilbreytingu af þessu tagi.

Þá mun ég í örstuttu máli gera grein fyrir helstu framkvæmdum:

Kirkjugarður:

Bætt var við 50 nýjum grafarstæðum sl. haust þar sem grafarreitur sá sem nú er notaður var að fyllast. Einnig var lögð drenlagn vegna núverandi garðs og framtíðarstækkunar. Vatnsdreifilagn var lögð um garðinn vegna vökvunar og lagður var ljósa-strengur vegna lýsingar – og strengir og skápar vegna jólalýsingar. Settir voru upp 10 ljósaustaurar í haust. Það var orðið mjög aðkallandi að lýsa upp garðinn því að gífurlega mikil umferð er um hann.

Tveir aðilar hér í bæ hafa séð um lýsingu í garði um jól og áramót undanfarin ár. Nú er þetta mál hins vegar á tímamótum og óvíst hvort þeir halda áfram þeirri vinnu.

Undanfarin sumur hefur verið samið við Vinnuskólann um hirðingu garðsins. Þetta hefur gefist vel og verð-

ur svo áfram í sumar. Nú er hafin vinna við stækkun kirkjugarðsins og er hún í eðlilegum farvegi.

Á tækniöld eru tæknimálin skiljanlega ofarlega á baugi. Kirkjur og safnaðarheimili eru þar engin undantekning. Hljóðkerfi og myndkerfi, sem verið hafa í kirkjunni og í safnaðarheimilinu, eru komin til ára sinna. Ekkert er undarlegt að kirkjugestir geri kröfur um að heyra sem best og fá að sjá sem best, sérstaklega þegar um fjölmennar athafnir er að ræða. Við þessu hefur sóknarnefnd brugðist og var samþykkt að fjárfesta í nýju hljóðkerfi í kirkju og safnaðarheimili og jafnframt var samþykkt að kaupa myndvarpa til að varpa mynd frá kirkju yfir í safnaðarheimilið.

Hér að framan hefur verið minnst á það helsta sem gert hefur verið á liðnu starfsári.

Þá er komið að lokum þessarar skýrslu. – Eins og gefur að skilja þurfa sóknarprestur og formaður sóknarnefndar að eiga mikið og náið samstarf. Þetta samstarf hefur verið einstaklega gott og ánægjulegt og fyrir það þakka ég. Einnig þakka ég starfsfólki kirkju, safnaðarheimilis og kirkjugarðs góð störf og gott samstarf. Þá þakka ég öllu sóknarnefndarfólki, sem af stakri trúmennsku hefur unnið sitt verk, fyrir gott samstarf.

Megi Guðs blessun vaka yfir starfi Garðaprestakalls á Akranesi héðan í frá sem hingað til.



## Unglingakór Akraneskirky stofnaður

Á haustdögum var unglingakór Akraneskirky stofnaður. Á fjórða tug ungmenna gerðust stofnfélagar – en allnokkur þeirra heltust þó úr lestinni eftir að starfið hófst. Kórin hefur sungið í fjölskylduguðsþjónustum í vetur og kom einnig fram

á aðventusamkomu í byrjun desember. Sérstaklega góður rómur var gerður að söng hans þar. Stjórnandi kórsins er Hannes Baldursson.

Þessar myndir, sem hér birtast, voru teknar á stofnfundinum.



Árni Grétar Finnsson:

# Kynslóðir koma og fara

Prédikun flutt í Akraneskirky 17. maí 1998



Við biðjum Guð að blessa okkur þessa stund hér í Akraneskirky.

Árin líða hratt, ekki síst þegar líður á ævina. Í dag erum við hér allmörg samankomin til að minnst þess að 50 ár eru liðin frá því að við fermdust hér í kirkjunni. Það var á hvítasunnudag 16. maí 1948. Úti var rigning, hið innra sólskin. Staðfesting okkar sjálfra á skírinni, játning á kristinni trú okkar var að eiga sér stað.

Við fermingarbörnin vorum 47 talsins. Af þeim eru tvö látin, þau Sigfríður Sigtryggisdóttir og Sigmundur Jónsson. Í morgun fór einn úr undirbúningsnefndinni, Jón Hjartarson, í kirkjugarðinn og lagði blómsveig á leiði þeirra sem minningar- og virðingavott okkar sem eftir lifum.

Tvö úr hópnum eru búsett erlendis, að því er ég best veit, og er það ekki há tala af svo fjölmönnum hópi. Jón Helgason er búsettur í Svíþjóð og Dröfn Geirdal í Noregi. Dröfn er hér í dag og er sérstök ástæða til að bjóða hana velkomna, þar sem hún hefur sótt þennan endurfund okkar um svo langa vegu.

*„Vertu trúr allt  
til dauða, og Guð  
mun gefa þér  
kórónu lífsins“*

(Op. Jóh. 2.10)

Á þessari stundu vil ég sérstaklega minnst séra Jóns M. Guðjónssonar sem fermdi okkur. Árið 1933, þá nýútskrifaður guðfræðingur, vígðist séra Jón hingað til Garðaprestakalls og var hér settur prestur í fjarveru séra Þorsteins Briem í tæplega eitt ár eða fram á fæðingarár okkar 1934. Árið 1946 var hann kosinn sóknarprestur í Garðaprestakalli og þjónaði hér næstu 28 árin eða uns hann lét af prestskap sökum aldurs 1974. Hann lést í hárra elli – á 89. aldursári í febrúar 1994.

Séra Jón M. Guðjónsson var glæsimenni í sjón og eiginkona hans, frú Lilja Pálsdóttir, einnig – svo að eftir þeim hjónum var tekið. En séra Jón var meira. Hið innra bjó hjartahlýr hugsjónamaður. Við minnumst eflaust öll þeirra daga er við gengum til hans og kannski best daganna rétt fyrir ferminguna. Þá komum við einmitt saman hér í kirkjunni og hlýddum á margs konar fróðleik og boðskap af munni þessa hlýja og lífsreynda manns. Hann sáði frækornum í opnar barnssálirnar og vonandi hafa þau náð að þroskast og bera ávöxt á langri ævi.

Séra Jón M. Guðjónsson skilur eftir sig merka sögu, svo sem forgöngu í slysavörnum og stofnun byggðasafnsins á Akranesi, en sú saga verður ekki rakin hér. Hann var dráttthagur og listaskrifari og vonandi eigum við öll Nýjateamentið okkar frá fermingunni. Þar skrifaði hann fremst hjá hverju og einu okkar ritningargreinina sem við höfðum áður dregið. Fyrir

mér og sjálfsgagt mörgum öðrum hefur ritningargreinin frá fermingardeginum oft verið leiðarstjarna í lífinu og áþreifanleg minning um prestinn sem fermdi okkur.

Á eftir séra Jóni varð tengdasonur hans, hinn merki klerkur, séra Björn Jónsson, hér sóknarprestur í 23 ár. Hann er sem kunnugt er kvæntur Sjöfn Jónsdóttur, fermingarsystur okkar, svo að andi og áhrif fermingarhópsins hafa lengi svifið yfir vötnunum í kirkjunni okkar. Nýr sóknarprestur, séra Eðvarð Ingólfsson, tók við í lok síðasta árs. Hann er svo kornungur að hann var hvergi nærri fæddur þegar við fermdust. Við óskum honum og eiginkonu hans, frú Bryndísi Sigurjónsdóttur, velfarnaðar í starfi og þökkum honum fyrir stundina hér í dag, svo og kórnum, orgelleikaranum og öðrum sem við messuna þjóna.

Við fermingarbörnin vorum flest saman í barnaskóla og síðan allmörg í gagnfræðaskóla. Ég minnst kennara okkar og skólustjóra frá þessum tíma með virðingu og þakklæti.

Fyrir allmörgum árum kom ég í barnaskólann okkar sem þá hýsti að vísu orðið gagnfræðaskólann. Ég gekk þar um stofur og litadíst um og upp í hugann komu margar minningar frá liðnum tíma, minningar frá skólaárunum. Á eftir fann ég þörf fyrir að lýsa tilfinningum mínum og hugsunum í litlu ljóði:



**Lífshlaup**

Ég gekk einn dag í gamla skólann inn.  
 Þar gleymdar myndir föla veggj þrýddu.  
 Ég fann þar aftur forna bekkinn minn,  
 hvar fyrrum börn á undur lífsins hlýddu.  
 Ég sá í huga sitja lítinn hóp  
 í sakleysi og fjarri raunum öllum.  
 Að utan fannst mér einnig berast hróp  
 frá ærslaleikjum barna og þeirra köllum.

Á einum vegg hékk enn þá gömul mynd,  
 sem andlit þessa litla bekkjar geymir.  
 Sjá! bernskan hún er ör og ákaflynd,  
 þá alla sínar stærstu vonir dreymir.  
 Úr hverjum svip skein hvatning, von og þrá  
 og hver og einn þar brosti fram á veginn.  
 Hve ljúft er það að líta blómin smá,  
 er ljóma þau á vorin sólarlæggin.

Margt breytist á hálfri öld. Akranes hefur tekið sínum stakkaskiptum. Íbúatalan hefur tvöfaldast, nýjar kynslóðir komið og að mestu yfirtekið sviðið. Nú er ekki lengur bara Uppskagi og Niður-Skagi heldur hefur mikil byggð risið allt vestan frá Mýrarhúsum og Kalmannsvík austur að Leyni. Kirkjugarðurinn, sem var svo langt út úr áður, er kominn inn í miðja byggð. Halakotsfjaran og Ívars-húsaklettar með sínum silfurtæru lónum – og voru hluti af leiksvæði mínu og margra annarra – eru horfin undir mikil mannvirki. Mógrafirnar, þar sem við strákarnir veiddum hornsíli, hafa verið fylltar og þar risið mörg og falleg hús. Við fögnum þeirri miklu uppbyggingu, sem orðið hefur á Akranesi, en við finnum samt til trega yfir því sem einu sinni var og er nú horfið í tímans skaut.

Tíminn, þetta mikla óræða afl, hann er eins og stormur frá ókunnri strönd. Hann hrífur allt með sér, eirir engu. Með honum berumst við nauðug viljug – eins og dropinn í straumi fljótsins. Við mælum tímann í árum eftir gangi jarðar um sólu. Í árinu sjáum við í hnotskurn lífsferil okkar sjálfra, fæðingu nýs lífs á vorin, þroskann og gróskuna yfir sumarmánuðina, hnignunina, sem kemur með haustinu, og síðan svefnsins engil, þegar vetur gengur í garð. Þannig er lífsferill okkar mannanna líka – nema hann spannar að jafnaði nokkra áratugi.

Ekkert sýnir okkur mönnumum betur vanmátt okkar og takmörk en

tíminn. Þetta mikla afl, sem við sjáum ekki, en þreifum þó á daglega. Hvar er dagurinn í gær, hvar eru þau 50 ár sem liðin eru frá fermingu okkar? Þau eru ekki lengur til nema í minningunni. Og morgundagurinn og aðrir dagar, sem okkar kunna að bíða, þeir eru aðeins til í draumum okkar og vonum. Menn freistast stundum til að halda að veröldin snúist um þá og þeirra sé mátturinn og dýrðin. Samt heldur sólin áfram að koma upp á hverjum morgni í austri og ganga til viðar í vestri og hún þarf ekki hjálp manna til þess. En þetta ferðalag okkar með tímanum getur líka oft verið fagurt og boðið upp á mikla hamingju, gott samferðafólk, fjölskyldu, maka, börn, barnabörn og á okkar aldri jafnvel barnabarnabörn – og svo ótal margt fleira sem gleður hjartað. Því er gaman að hafa lifað svo langan dag.

Ég hef gert tímann hér nokkuð að umræðuefni. Straum hans fær enginn stöðvað, en í ölduróti lífsins leita allir að kjölfestu, bjargi til að byggja á. Flest ef ekki öll öðluðumst við okkar kristnu trú sem börn í foreldrahúsum við móður- og föðurkne og nutum þar arfs kynslóðanna. Það voru foreldrar okkar, sem gáfu okkur lífið og báru hitann og þungann af uppeldi okkar, oft erfiðum og böldnum krökkum, þó líklega sé það nú flegum gleymt. Það voru foreldrar okkar, sem gáfu okkur það veganesti, að fela Drottinn vegu okkar og treysta honum, því hann myndi vel fyrir sjá. Sú lífssýn er það bjarg sem við byggjum á og leitum til,

Ég kvaddi skólann, kom í garðinn út.  
 Þar kunnar slóðir geyma litlu sporin.  
 Hér hlupu þær með hettu og rauðan klút,  
 er hjörtun ungu fögnuðu á vorin.  
 Ég minnst enn, hve margt var skrafað þá,  
 hve miklum draumum auðvelt var að trúá,  
 því óskirnar þær ungum vængi ljá,  
 sem ætla sér á heimsenda að fljúga.

Um hvernig fór og hvar þau eru nú  
 og hvort að þeirra bernskudraumar rættust?  
 Ég veit flest áttu börn og reistu bú.  
 Á baráttuna misjafnlega settust.  
 Svo óvænt lífshlaup ýmsra þeirra beið.  
 Á óskabyrinn reyndist tæpt að stóla.  
 Og fæstir þeirra fóru sömu leið,  
 þó flest það sama hefðu lært í skóla.

ekki síst þegar líður á lífdagana, og lengi býr að fyrstu gerð. Flestir eru foreldrar okkar, þetta góða fólk, horfnir af sjónarsviðinu og við minnumst þeirra í dag með þökk og virðingu. En kirkjan okkar hér á Akranesi stendur traust sem bjarg eins og hún hefur gert í rúma öld.

Ég vil fyrir hönd okkar hinna mega þakka nefndinni sem lagði á sig vinnu og hafði forgöngu um að við ættum hér þessa samverustund, þeim Guðbjörgu Sveinbjörnsdóttur, Guðjónínu Sigurðardóttur, Gísla Sigurðssyni, Guðmundi Þórðarsyni og Jóni Hjartarsyni. Án þeirra framtaks værum við ekki svo mörg hér saman komin í dag.

Þegar við horfðum til framtíðarinnar við fermingaraldurinn voru 50 ár æði langur tími. Nú þegar horft er um öxl virðist tíminn, sem liðinn er frá fermingardeginum, styttri en árafjöldinn segir til um – enda virðist allt líða mun hraðar eftir því sem fleiri ár eru lögð að baki.

Við ferminguna breyttumst við úr börnum í unglina. Síðan tóku við fullorðinsárin. Mörg hafa átt heima hér á Akranesi alla tíð, önnur horfið annað. Starfsvettvangurinn hefur verið margbreytilegur. Flest erum við fædd á Akranesi og eigum hér okkar rætur. Allt leitar uppruna síns, því römm er sú taug sem rekka dregur föðurtúna til.

Guð blessi Akranes og Akurnesinga um ókomin ár.

Guðrún Karlsdóttir:

# Æskulýðsfélag Akraneskirky og KFUM / K



**H**austið 1998 var Æskulýðsfélag Akraneskirky og KFUM og K stofnað. Sóknarpresti og sóknarnefnd Akraneskirky var ljós sú þörf að kirkjan sinnti kristilegu uppeldi unglunga hér í bæ. Ákveðið var að hafa aðeins eitt félag í stað tveggja sambærilegra félaga. Ég – frá Akraneskirky – og Haraldur Guðjónsson – frá KFUM og K – vorum ráðin leiðtogar æskulýðsfélagsins í fyrravetur.

Æskulýðsstarf kirkjunnar er einn skerfur hennar til skírnafræðslu þeirrar sem henni ber að sinna. Félagið er hugsað þannig að unglungum standi til boða að starfa í því á fermingarári sínu og til 16 ára aldurs. Árin eftir ferminguna eru viðkvæm og algengt að þá missi krakkar áhuga á kirkju- starfi þó að mörg þeirra séu nánast alin upp í kirkjunni frá unga aldri. Því er nauðsynlegt að kirkjan bjóði upp á félagsstarf og kristinfræðslu við þeirra hæfi.

Skemmst er frá því að segja að starfsemi æskulýðsfélagsins hér á Akranesi gekk vonum framars. s.l. vet-

ur. Að meðaltali sóttu 18 til 25 unglungar hvern fund. Á fjölmennustu fundunum voru um 35 unglungar.

Fyrst í stað voru fundirnir haldnir í Safnaðarheimilinu Vinaminni en eftir áramót voru þeir eingöngu haldnir í félagsheimili KFUM og K. Það hús hentar einstaklega vel þörfum unglunga og því sjálfsgagt að nýta þann stað sem best.

Starfsemi félagsins skiptist í tvennt. Annars vegar var um að ræða tilbeiðslu, lofgjörð og fræðslu en hins vegar afþreyingu. Fundirnir hófust á því að við hittumst í einu herberginu og spjölluðum saman um daginn og veginn og um það sem hverjum og einum lá á hjarta. Þá var sungið, beðið og kristindómurinn ræddur frá öllum mögulegum sjónarhornum. Seinni hluti fundarins var nýttur til afþreyingar. Við spiluum, fórum í leiki, heimsóknir eða fengum heim-sóknir. Við boruðum saman, héldum kökuveislu, fórum í kvikmyndahús og ferðalög. Allt sem við gerðum hvort sem það hét fræðsla eða skemmtun var

gert undir kristnum formerkjum, – Kristur er undir og yfir og allt um kring.

Eitt af mörgu, sem stóð upp úr í starfseminni í fyrravetur, var ferð sem farin var í Vatnaskóg í febrúar. Þar var haldið landsmót æskulýðsfélaga og stóð það frá föstudegi til sunnudags. Fimmtán unglungar fóru héðan af Akranesi og skemmtu sér mjög vel. Á þessu móti áttu krakkarnir góðar stundir saman. Íþróttir voru stundaðar, leikir, söngur, fræðsla, hópstarf og slakað á í góðum félagsskap.

Annað sem stendur upp úr frá starfi síðasta vetrar er sá góði andi sem ríkti í hópnum. Eftir að leið á veturinn fóru æ fleiri að koma hálf tíma til klukkutíma fyrir á fundinn til þess að ræða málin. Í þessum hópi hefur myndast trúnaður sem að mínu mati er einstakur eftir svo stuttan tíma saman. Það á sínar skýringar: Unglingarnir þekkjast margir ágætlega fyrir, hús-næðið hentar vel þessum aldurshópi og gott samband hefur myndast milli umsjónarfólksins og unglunganna. Ferðalögin hafa einnig orðið til þess að þjappa hópnum enn frekar saman.

## Fyrirlestrar um sorg og sorgarviðbrögð

Tveir fyrirlestrar voru fluttir um sorg og sorgarviðbrögð í Safnaðarheimilinu Vinaminni í fyrra. Sr. Sigurður Pálsson, sóknarprestur í Hallgrímskirky, kom í mars og fjallaði um börn og sorg. Í desember kom síðan sr. Bragi Skúlason sjúkráhusprestur og fjallaði um fósturlát, andvana fæðingar og ungbarnamissi. Báðir þessir fyrirlestrar voru vel sóttir og kom t.a.m. fólk einnig úr uppsveitum Borgarfjarðar og úr Borgarnesi.

Í ljósi reynslunnar leyfi ég mér að halda því fram að ekki sé einungis þörf fyrir æskulýðsfélag á Akranesi heldur nauðsyn. Reynsla þessa fyrsta vetrar sýnir okkur það. Það er von mín að æskulýðsfélag Akraneskirky og KFUM / K lifi sem lengst.



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 5. apríl 1998 kl. 10:30.  
Með þeim á myndinni eru sr. Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur, sem fermdi  
og sr. Björn Jónsson, fyrrv. sóknarprestur, sem aðstoðaði við útteilingu altarissakramentis.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 5. apríl 1998 kl. 14.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 19. apríl 1998 kl. 10:30.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 19. apríl 1998 kl. 14.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 26. apríl 1998 kl. 10:30.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 26. apríl 1998 kl. 14.*

# Hjónavígslur í Garða- prestakalli 1998 og 1999

## 1998

- 24 jan.: Sigurður Halldór Sævarsson og Svava Hrund Guðjónsdóttir, Einigrund 1.
16. maí: Óli Þór Jónsson og Jóhanna Berglind Andrésdóttir, Skútuhrauni I, Mývatnssveit.
30. maí: Garðar Jónsson og Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir, Bjarkargrund 38, Akranesi.
13. júní: Gísli Páll Oddsson og Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir, Garðabraut 26, Akranesi.
17. júní: Ágúst Grétar Ingimarsson og Guðríður Sigurjónsdóttir, Suðurgötu 87.
20. júní: Birgir Nielsen Þórsson og Hulda Birna Baldursdóttir, Sörlaskjólí 40, Reykjavík.
4. júlí: Guðlaugur Kristinn Gunnarsson og Siggerður Ásbjörg Sigurðardóttir, Flúðaseli 42, Reykjavík.
8. ágúst: Sigurður Már Sigmarsson og Margrét Ragna Kristinsdóttir, Sóleyjargötu 12.
15. ágúst: Torfi Sigurjón Einarsson og Ósk Jónsdóttir, Garðabraut 45.
21. ágúst: Björn Ingi Kristvinsson og Margrét Helga Jóhannsdóttir, Vallholti 21.
22. ágúst: Hörður Harðarson og Þóra Björg Elísdóttir, Jörundarholti 178.
29. ágúst: Sveinbjörn Reyrr Hjaltason og Guðný Ósk Stefánsdóttir, Háteigi 3.
29. ágúst: Sigurður Bjarni Jónsson og Ólöf Guðrún Björnsdóttir, Grænumörk 10, Hveragerði.
1. október: Jón Halldór Guðmundsson og Guðný María Sigurðardóttir, Ærlæk II, Öxarfirði, N.-Þing.
17. október: Karvel Lindberg Karvelsson og Hrefna Sigurðardóttir, Vitateigi 1.
21. október: Daníel Friðrik Haraldsson og Sigurbjörg Kristín Jónsdóttir, Skagabraut 40.
30. desember: Brandur Sigurjónsson og Ingunn Guðlaugsdóttir, Lerkigrund 4.
3. apríl: Höskuldur Kristján Guðmundsson og Kristjana Jóna Jóhannsdóttir, Sandabraut 16.
19. júní: Marteinn Steen Rossen og Ásta Laufey Ágústsdóttir, Garðabraut 45.
3. júlí: Guðsteinn Oddsson og Pálína S. Pálsdóttir, Jörundarholti 124.
3. júlí: Valgeir Valgeirsson og Þorbjörg Sigurlaug Sigurðardóttir, Jaðarsbraut 41.
3. júlí: Sigurbjörn Hallsson og Mjöll B. Barkardóttir, Furugrund 24, Kópavogi.
3. júlí: Þórður Emil Ólafsson og Elín Dröfn Valsdóttir, Luxemborg.
24. júlí: Gísli Jens Viborg og Unnur Sólveig Jónsdóttir, Skagabraut 8.
25. júlí: Hrólfur Ingólfsson og Aðalheiður María Práinsdóttir, Sandabraut 4.
7. ágúst: Hjálmur Þorsteinn Sigurðsson og Eyrún Sigríður Sigurðardóttir, Garðabraut 45.
7. ágúst: Hermann Hermannsson og Ásta Benediktsdóttir, Veghúsum 29, Reykjavík.
14. ágúst: Sigfús Ægir Sigfússon og Berglind Helgadóttir, Melási 6, Garðabæ.
14. ágúst: Bjarni Magnússon og Hrafnhildur Ýr Kristjánsdóttir, Furugerði 19, Reykjavík.
14. ágúst: Kjartan Kjartansson og Björk Elfa Jónasdóttir, Hjarðarholti 17.
19. september: Lárus Óskarsson og Alda Berglind Þorvarðardóttir, Suðurgötu 120.
1. október: Eiríkur Rúnar Oddsson og Sigrún Jóhannsdóttir, Presthúsabraut 35.
2. október: Ægir Jóhannsson og Sigríður Björk Kristinsdóttir, Jörundarholti 164.
21. nóvember: Ingimar Magnússon og Brynja Helgadóttir, Jörundarholti 160.
22. desember: Haukur Sigurbjörnsson og Aðalbjörg Sigurðardóttir, Stilholti 11.
31. desember: Guðmundur Ragnarsson og Hólmafríður Knútsdóttir, Danmörku.
31. desember: Gunnlaugur Pálmason og Rut Karol Hinriksdóttir, Bjarkargrund 17.

## 1999:

31. jan.: Bjarni Þór Ólafsson og Elva Björk Ævarsdóttir, Lerkigrund 5.
20. mars: Finnur Guðmundsson og Fannur Rut Guðmundsdóttir, Jaðarsbraut 23.

## Níu gestaprédikarar 1998

Árið 1998 stígu 9 gestaprédikarar í stól í Akraneskirrkju – þar af einn tvisvar sinnum. Þeir voru eftirtaldir:

- 8. mars: Sr. Björn Jónsson (messaði einnig).
- 18. mars: Sr. Kjartan Jónsson (framkv.stj. Kristniboðssambandsins).
- 17. maí: Árni Grétar Finnsson (50 ára feringarafmæli).
- 21. maí: Bjarnfríður Leósdóttir (uppstigningardagur).
- 24. maí: Sigurbjörn Þorkelsson (framkv.stj. Gídeonsfélagsins).
- 17. júní: Anna Sólveig Smáradóttir (nýstúdent).
- 23. ágúst: Sr. Björn Jónsson (messaði einnig).
- 8. nóvember: Jónas Þórisson (framkv.stj. Hjálparstarfs kirkjunnar).
- 22. nóvember: Sr. Kristinn Jens Sigurbórsson (messaði einnig).
- 5. desember: Guðrún Karlsdóttir guðfræðinemi.

## Fimm gestaprédikarar 1999

Árið 1999 stígu 5 gestaprédikarar í stól Akraneskirrkju, þar af einn tvisvar sinnum og annar þrisvar sinnum. Þeir voru eftirtaldir:

- 24. janúar: Sr. Kristinn Jens Sigurbórsson (messaði einnig).
- 7. mars: Guðrún Karlsdóttir guðfræðinemi.
- 9. maí: Sr. Kristinn Jens Sigurbórsson (messaði einnig).
- 13. maí: Guðbjartur Andrésson (uppstigningardagur).
- 30. maí: Sr. Kristinn Jens Sigurbórsson (messaði einnig).
- 17. október: Sr. Björn Jónsson (messaði einnig).
- 24. október: Sr. Björn Jónsson (messaði einnig).
- 21. nóvember: Skúli Svavarsson kristniboði.

## Fjölmenni á aðventuhátíð

Aðventuhátíð Akranessafnaðar var haldin að venju annan sunnudag í adventu í Safnaðarheimilinu Vinaminni. Húsfyllir var. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá í tali og tónum. Aðalræðumaður kvöldsins var Guðmundur Vésteinsson. Kirkjukór Akraness söng þrjú tónverk og nýstofnaður kór starfsfólks Grundartanga söng nokkur lög. Smári Vífilsson söng einsöng með kórnum í einu laganna. Börn og unglingar sungu einnig á samkomunni og lásu upp.

Segja má að allar kynslóðir hafi komið að dagskránni þetta kvöld og var hún að dómi þeirra sem nutu mjög vel heppnuð.



## Langar þig að syngja í kór?

Nú er vetrarstarf Kirkjukórs Akraness í algleymingi. Við í stjórn kórsins erum að leita að ungu og hæfu fólki til starfa í kórnum. Okkur vantar fólk í allar raddir, þ.e. sópran, alt, tenór og bassa. Hafir þú gott tóneyra og langi þig til að auka sönghæfni þína þá er kirkjukórinn góður kostur. Kunnátta í nótnalestri er æskileg, þó ekki skilyrði.

### *Ekki svo bindandi*

Í kórnum eru nú um 40 félagar á öllum aldri og er þeim skipt í þrjú messukóra sem skiptast á að syngja við guðsþjónustur. Þó syngur kórinn tvískiptur eða allur saman við sérstök tækifæri, þ.e. á hátíðum og tónleikum. Æfingar eru á fimmtudagskvöldum kl. 20 - 22 með kaffihléi.

### *Verkefni*

Verkefni í vetur eru bæði fjölbreytt og skemmtileg – bæði af kirkjulegum og veraldlegum toga. Tvennir til þrennir tónleikar eru haldnir árlega. Í ár, á kristnitökuaftmælinu, verður þó meira sungið en venjulega. Kórinn fer í utanlandsferðir á 3 - 5 ára fresti en slíkar ferðir eru að miklum hluta greiddar úr sjóði kórsins. Stjórnandi er Katalín Lörincz.

### *Stjórn Kirkjukórs Akraness*

Stjórn Kirkjukórs Akraness er skipuð eftirtöldum aðilum sem allir eru tilbúnir til að veita nánari upplýsingar:

- Sólveig Ásgeirsdóttir formaður, sími 431 3062
- Kristrún Gísladóttir varaformaður, sími 431 2192
- Ragnhildur Theódórsdóttir ritari, sími 431 4036
- Guðrún Vilhjálmisdóttir gjaldkeri, sími 431 1457
- Margrét Gísladóttir meðstjórnandi, sími 431 4108.

## Kirkjunefndin

Kirkjunefnd hefur starfað við Akraneskirrkju frá árinu 1945. Tilgangur hennar er að þrýða kirkjuna og búa hana ýmsum nytsömum hlutum. Félagsskapurinn hefur staðið að fjáröflunum ýmiss konar, t.d. með sölu á kaffiveitingum á þjóðhátíðardaginn, og veitt kirkjunni liðsinni sitt með margvíslegum hætti. Seint verður ofmetið allt það fórnfúsa starf sem kirkjunefndin hefur innt af hendi í meira en hálfa öld.

Núverandi stjórn nefndarinnar skipa:

Formaður: Friðný Ármannsdóttir.

Varaformaður: Guðrún Vilhjálmisdóttir.

Ritari: Guðmunda Ólafsdóttir.

Gjaldkeri: Jóhanna Einarsdóttir.

Meðstjórnandi: Sigurlaug Guðmundsdóttir.

## Kirkjumálaráðherra í heimsókn

Dóms- og kirkjumálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, heim sótti Akraneskirrkju ásamt fríðu föruneysi 22. janúar í fyrra. Hann skoðaði kirkju og safnaðarheimili og ræddi við sóknarprest og sóknarnefndarfolk. Kirkjumálaráðherra hefur ekki áður heimsótt Akranessöfnuð formlega.

Stefán Hólmsteinsson:

# Vel heppnuð Ítalíuferð

**K**irkjukór Akraness var stofnaður 26. desember 1942. Tilgangurinn með stofnun hans var að efla kórsöng á Akranesi, bæði við guðsþjónustur og á öðrum vettvangi. Eftir bestu heimildum munu 3 stofnendur kórsins vera enn á lífi – þær Helena Halldórsdóttir, Guðbjörg Sigurðardóttir og Sveinbjörg Arnmundsdóttir. Núna, 57 árum seinna, starfa 42 félagar í kórnum.

Kirkjukórinn syngur við ýmsar athafnir utan Akranes Kirkju, svo sem á sjúkrahúsinu og á Dvalarheimilinu Höfða. Undanfarin ár hefur kórinn einnig sungið undantekningalaust við hátíðahöld 17. júní.

Í mars í fyrra tók kórinn þátt í hátíðarguðsþjónustu í Hallgrímskirkju í Saurbæ ásamt kórum Leirár- og Saurbæjarsókna og kór Innra-Hólmskirkju. Guðsþjónustan var liður í hátíðahöldum á vegum Borgarfjarðarprófastsdæmis í tilefni af 1000 ára kristnitökuafmæli.

Stöku sinnum leggja kórfélagar



*Sigt um síkin í Fenejum.*

land undir fót, jafnt innanlands sem utan. Sem dæmi um lönd, sem kórinn hefur haldið tónleika í eða sungið við messur, eru: Ísrael, Pýskaland, Bretland, Ungverjaland, Austurríki og nú síðast Ítalía þar sem kórinn dvaldist 11 daga í fyrra. Tæplega 60 manna hópur fór þangað 3. júní, kórfélagar og makar. Tilgangur fararinnar var að

kynna íslenska tónlist og kynnst um leið menningu og tónlistarhefð Ítala.

Eftirtaldir aðilar styrktu okkur til fararinnar: Kirkjukórasamband Íslands, Menntamálaráðuneytið, Visa-Ísland – og útibú Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands hér á Akranesi. – Ætla ég að gera hér dálitla grein fyrir þessari ferð:



*Stjórn kórsins á fundi ásamt söngstjóra og aðstoðarsöngstjóra. Talið frá v.: Guðrún, Sólveig, Stefán (formaður), Sesselja, Katalín og Hannes. Myndin er tekin síðasta kvöldið sem dvalist var við Gardavatn.*





*Nokkrir ferðalanganna.*

Hópurinn ferðaðist víða um Norð-ur-Ítalíu. Fyrsti áfangastaður var hinn fagri fjalla- og vinabær Bassano í suðurhlíðum Dólómítafjalla. Þar dvaldist hópurinn í 3 nætur en fór á daginn í skoðunarferðir.

Hin fagra miðaldaborg Rómeós og Júlíu, Veróna, var heimsótt en þar er stærsta óperusvið heims í Arenunni frægu. Þeir sem skoðuðu Arenuna gátu að vísu ekki notið þeirrar heimsóknar eins og vera bar vegna viðgerða sem stóðu yfir í tilefni aldamótanna.

Ekki er hægt að heimsækja Ítalíu án þess að koma til Feneyja sé þess einhver kostur. Feneyjar voru lengi stórveldi og ein glæsilegasta borg heims. Einstök fegurð prýðir margar byggingar á Ítalíu, svo sem Hertogahöllina og Markúsarkirkjuna í Feneyjum. Margar kirkjur á Ítalíu eru svo íburðarmiklar og stórar að það tekur langan tíma að skoða þær.

Í kirkju heilags Antoníusar í Padúa

söng Kirkjukór Akraness við hádegismessu fyrstur íslenskra kóra. Kirkjan er í stíl Markúsarkirkjunnar í Feneyjum og eitt helsta guðshús heims. Kirkjugestirnir voru nokkur þúsund og þó að fæstir kórfélagar skildu mikið af því sem fram fór í guðsþjónustunni fannst öllum þetta hátíðleg stund. Eftir athöfnina túlkaði fararstjórinn fyrir okkur það sem presturinn hafði sagt en hann virtist vita talsvert um Ísland og sagði m.a. að Akranes væri fótboltabær í fremstu röð.

Hópurinn flutti sig næst frá Bassano til hins fagra fjallabæjar og heilsu- baðsstaðar Montecatini og gisti þar í 4 nætur. Þaðan var svo farið í skoðunarferð til Flórens og söng kórinn við aftansöng í Dómkirkjunni þar. Við fórum í dags-kynniferð um Toscana-hérað, gegnum vínlöndin Chianti til miðaldaborganna San Ginignano og Síena. Við skoðuðum turnana í San Ginignano og ráðhúsið og torgið

fræga í Síena. Þar er ein fegursta gotnesk dómkirkja í heimi og bauðst kórnum alveg óvænt að syngja þar nokkur lög. Sjaldan eða aldrei hefur kórinn sungið fyrir eins þakkláta áheyrendur og þar. Fólk var lengi á eftir að koma og þakka okkur fyrir. Þetta var alveg einstakur dagur.

Eftir að hafa átt mjög svo ánægjulega daga í Montecatini hélt hópurinn af stað áleiðs að Gardavatni. Litla lykkju lögðum við á leið okkar til að sjá skakka turninn í Písa og skoða okkur um á „Torgi kraftaverkanna“. Síðustu 3 nætur ferðarinnar var gisti í bænum Torri Del Benaco við Gardavatnið.

Kórinn hélt tónleika í aldagömlum kastala í Ríva innst við vatnið. Aðeins veggir hans stóðu uppi og vorum við heppin að lenda ekki í úrhellisrigningu meðan á tónleikunum stóð.

Stórkostleg náttúrufergurð er víða á hinni sólríku Ítalíu. Umhverfi Gardavatns er þar engin undantekning. Mikill og fagur trjágróður og byggingarnar í allt öðrum stíl en við eigum að venjast. Hópurinn fór í siglingu á vatninu og einnig var ekið meðfram því að hluta.

Á leiðinni til flugvallar í Mílanó var stansað stutta stund í heimabæ Kristjáns Jóhannssonar, Desenzano.

Í 11 daga skoðuðum við kirkjur, söfn, ráðhús, turna og margt fleira. Það var því þreyttur en mjög ánægður hópur sem lenti á Keflavíkurflugvelli aðfaranótt 14. júní eftir velheppnað ferðalag.



*Sigt á Gardavatninu. Talið frá v.: Magnea, Guðrún, Björg, Hannes og Inga.*

Anna Sólveig Smáradóttir:

# Þjóðhátíðarræða 1998



**G**óðir kirkjugestir, gleðilega hátíð. Í dag minnumst við þess að lýðveldi var stofnað á Íslandi 17. júní 1944 og þar með urðum við Íslendingar sjálfstæð þjóð eftir aldalanga baráttu. Það er engin tilviljun að þetta gerðist á þeim degi, því 17. júní 1811 fæddist Jón Sigurðsson, einn ötulasti baráttumaðurinn í þjóðfrelsisbaráttunni – og gaf hvergi eftir – og eigum við sem nú byggjum landið honum sem og ýmsum öðrum forfedrum okkar mikið að þakka.

Segja má að sjálfstæðisbarátta þjóðarinnar hefjist þegar Íslendingar skrifa undir Gamla sáttmála og gangast undir vald Noregskonungs. Þrátt fyrir margar hindranir missti íslenska þjóðin aldrei móðinn og barðist fyrir sjálfstæði sínu skref fyrir skref. Ný stjórnarskrá tók gildi 1874 og 1904 fengum við heimastjórn og fyrsta íslenska ráðherrann. Það var síðan 1. desember 1918 að sambandslög tóku gildi og hófust á þessum orðum: „Danmörk og Ísland eru frjáls og fullvalda ríki, í sambandi um einn og sama konung.“ Samningi þessum mátti segja upp eftir árslok 1943 og í skugga heimsstyrjaldarinnar síðari samþykktu Íslendingar sambands slit við Dani og lýðveldið Ísland varð að veruleika.

Baráttunni var hins vegar hvergi nærri lokið þá og er ekki enn og lýkur sennilega aldrei. Það er hlutverk okkar allra að varðveita menningu okkar og tungu, sem er okkar stolt, og við skulum hafa það í huga að „deyi málin deyja líka þjóðirnar“. Við verðum að

gera börnin, sem erfa munu landið, hæf til þess að taka við þessu hlutverki af okkur og færa það áfram til barna sinna – eða eins og skáldið komst svo vel að orði: „Ef æskan bregst þeirri ættjörð sem henni var gefin er ekkert í heiminum til sem bjargar því landi.“

Ég, sem fulltrúi nýstúdentanna og sem einstaklingur með þá menntun að baki, kemst ekki hjá því að láta hugann reika til þess tíma þegar skipuleg menntun íslensku þjóðarinnar var að taka sín fyrstu skref. Starfsemi barnaskóla hófst ekki fyrr en upp úr miðri 19. öld hér á landi og umræða um stofnun barnaskóla á Akranesi kom síðan upp í kringum 1860. Fé til framkvæmda var af skornum skammti á þessum tíma og því þurftu áhugamenn einstakra málefna að beita sér fyrir framkvæmdum sem nú eru í verkahring sveitarfélaga eða ríkis. Fyrsti fjárhagslegi vísirinn að barnaskóla á Akranesi var hlutavelta sem haldin var árið 1873. Gaf hún af sér 212 krónur og 8 aura. Árið eftir náðu forsjálir menn, sem sáu hve menntun væri ungum bæjarbúum mikilvæg, að sannfæra ráðamenn um nauðsyn barnaskóla á Akranesi. Í framhaldi komst skriður á söfnun fjár til byggingar skólans. Í upphafi var einungis leigð stofa til kennslu og var Bakka-skóli settur 2. október 1876. Ruddi sá skóli brautina fyrir stofnun og byggingu barnaskólans árið 1880. Það var svo árið 1908 að skólaskylda hófst. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar.

Nú er Akranes mjög frambærilegur skólabær þar sem allir hafa jafna möguleika til náms, að mestu óháð efnahag, öfugt við það sem áður var raunin. Skólafarir þarfnast hins vegar stuðnings bæjarbúa til að verða enn betra en nú. Menntun er mikilvægur þáttur þess að halda við menningararfi og tungumáli. Framtíð landsins er byggð á góðri menntun þjóðarinnar og sú áleitna spurning hvernig þjóðinni muni reida af í samfélagi þjóðanna á komandi tímum mun ráðast af þessari staðreynd. Ef litið er á aðalvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveg, þá hlýtur hámarksarður af honum að markast af því hvernig til tekst við að skapa sem bestar afurðir, ekki að veiða sem mest á sem stystum tíma líkt og áður. Þessi vinnsla mun byggjast á hugviti – en hugvit byggist fyrst og fremst á góðri menntun, þekkingu og góðu sambandi við mismunandi samfélög, vísindum og tækni. Til þess að standa jafnfætis háþrúðum þjóðum verðum við að halda áfram að bæta menntakerfi landsins og fylgjast vel með vegna þess að þróunin er ör. Áhuga okkar á skólamállum verðum við að sýna, ekki bara í orði, heldur einnig í verki. Náms skal vera hvetjandi og iðjuleysi ber að hafna. Viðhorf til náms hefur sem betur fer breyst á seinni árum. Í dag getur ungt fólk ekki hlaupið í hvaða vinnu sem er – en að sama skapi hefur menntað fólk fleiri og betri atvinnutækifæri en oft áður.

Við nýstúdentar stöndum nú á

merkum tímamótum í lífi okkar. Okkur bjóðast mörg spennandi tækifæri, væntanlega mun fleiri og fjölbreyttari en jafnaldrar okkar lýðveldisárið 1944 höfðu. Bætt samskipta- og samgöngutækni gerir okkur óneitanlega auðveldara fyrir en áður að ferðast til nágrannalandanna og annarra framandi landa. Það ættum við að nýta okkur. Um leið víkkum við sjóndeildarhringinn sem jafnframt mun vonandi nýtast okkur sjálfum og þjóð okkar í lífi og starfi. Mikilvægt er þó að gleyma aldrei upprunum og ávallt leitast við að styrkja trú sína á landi og þjóð. Því skulum við muna þessi orð Einars Benediktssonar: „Ef þjóðin gleymdi sjálfri sér og svip þeim týndi, er hún ber, er betra að vanta brauð.“

Sérstaða Íslands er m.a. fólgin í auðæfum landsins sjálfs og miklum möguleikum til nýtingar og sölu á orku. Þar ber sérstaklega að líta til þeirrar ánægjulegu staðreyndar að orka þessi er fólgin í náttúrlegum og umhverfisvænum orkulindum og nú á tímum aukinnar umræðu um mikilvægi umhverfismála ber að nefna hversu vel við erum sett og hversu rík við sannarlega erum. Þetta leggur jafnframt, að sjálfsögðu, þær skyldur á herðar okkar að vernda þessa fallegu og einstöku náttúru landsins og gæta þess að ofnýta hana ekki.

Það er mér einstök ánægja að fá að ávarpa ykkur hér á merkum degi sem þessum. Ekki síst vegna þess að nú nýlega hefur verið haldin sérstök kveðjuathöfn til heiðurs sr. Birni Jónssyni sem óneitanlega hefur skipað stóran sess í mínu lífi og jafnaldrá minna. Ég hef mikla ánægju af að segja frá því að fyrir 23 árum var móðir mín í hópi fermingarbarna hans, fyrsta fermingarhóps hans á Akranesi. Séra Björn hefur áður minnst á það hér í þessari kirkju að ég muni vera bæði fyrsta skírnar- og fermingarbarinn sem komið er af þessum fyrsta fermingarhópi hans. Hann gat því miður ekki verið hér í dag en ég vil nota tækifærið og þakka honum fyrir þjónustu hans og einstaklega góð kynni og hlýhug um leið og ég óska séra Eðvarði Ingólfsyni velfarnaðar í nýju starfi.

Mig langar til þess að ljúka orðum mínum á ættjarðarljóði eftir Guðmund Inga Kristjánsson sem heitir Fyrir Ísland – og fjallar um hluti sem

við sem Íslendingar, bæði ungir og aldnir, ættum ávallt að geyma í hjörtum okkar og aldrei gleyma:

*Fyrir Ísland áttu að vinna  
ævistörf hins góða manns,  
helga dád og drauma þína  
dal og ströndum ættarlands.*

*Fyrir Ísland áttu að vaxa,  
æskumaður, heill og trúr,  
auðnuþráð svo Ísland reki  
ævistörfum þínum úr.*

*Fyrir Ísland áttu að nota  
íslenzkunnar fagra hljóð,  
elska í ljóði og lausu máli  
lands og þjóðar helgidóm.*

*Fyrir Ísland áttu að gefa  
ævi þína hvar sem er,  
lifa því í ljúfu og stríðu.  
Landið ventir góðs af þér.*

## Margir á fyrirbænalista

Fyrirbænauguðsþjónusta er í Akraneskirky alla fimmtudaga á veturna kl. 18.30. Beðið er fyrir sjúkum og sorgmæddum. Fyrirbænaefnum skal komið á framfæri við sóknarprest í símaviðtalstíma hans í safnaðarheimilinu. Sérhver sá sem beðið er fyrir er á fyrirbænalistanum í hálf ár – en er þá felldur út nema óskað sé að haldið sé áfram en það er algengt. Ástvinir þeirra sem jarðsugnir eru hér á Akranesi fara sjálfkrafa inn á þennan lista.

Í viku hverri er beðið fyrir fjölda manns. Bænir þessar veita þeim sem beðið er fyrir oft mikinn styrk, ekki síður en ástvinum þeirra. Fyrirbænauguðsþjónustan stendur í 15 mínútur. Stundum leikur organisti kirkjunnar lítið tónverk á undan og eftir. Allir eru velkomnir.

## Hátíðahöld í Borgarfjarðarprófasts- dæmi vegna kristnitökuafmælis

### Lokið:

- Hátíðarguðsþjónusta í Saurbæ 21. mars 1999.
- Hátíðarguðsþjónusta í Borgarneskirky 20. febrúar.

### Framundan - árið 2000:

- Tónleikar kirkjukóra og organista í Hallgrímsskirky í Saurbæ 12. mars.
- Fræðslufundur um kristna trú og samfélag í Borgarnesi 15. mars.
- Tónleikar kirkjukóra og organista í Borgarneskirky 30. apríl.
- Hátíðarguðsþjónusta í Reykholtsskirky 14. maí.
- Hallgrímshátíð í Saurbæ 28. maí.
- Hátíðarguðsþjónusta við Krosslaug í Lundarreykjadal 16. júlí.
- Reykholtshátíð 28. - 30. júlí.
- Málþing í Reykholti um trúarþóknarntir miðalda, í samvinnu við Snorrastofu, 26. ágúst.
- Hátíðarguðsþjónusta í Stafholtskirky 27. ágúst.
- Fræðslufundur um kristna trú og samfélag í Safnaðarheimilinu Vinaminni, Akranesi, 13. október.
- Tónleikar kirkjukóra og organista í Reykholtsskirky 29. október.
- Tónleikar kirkjukóra og organista í Safnaðarheimilinu Vinaminni, Akranesi, 5. nóvember.
- Hátíðarguðsþjónusta í Akraneskirky 19. nóvember. Biskupinn yfir Íslandi, hr. Karl Sigurbjörnsson, prédikar.
- Hátíðarguðsþjónusta í Hvanneyrarkirkju ekki enn ákveðin.

Gísli S. Sigurðsson:

## Skátar og kirkja

Ræða flutt á sumardaginn fyrsta,  
22. apríl 1999



**G**leðilegt sumar! Við segjum þetta hvernig sem viðrar og hvernig sem allt snýst. Okkur er sagt að annarra þjóða fólki finnist þetta furðulegur siður. Það má vel vera að svo sé og má kannski segja um svo margt sem við tökum okkur fyrir hendur í okkar kalda landi.

Ágætu kirkjugestir, þar á meðal skátar yngri og eldri: Skátar hafa löngum sett svip á messur á sumardaginn fyrsta. Þess vegna mun ég tala mest í þeim anda.

„Eitt sinn skáti, ávallt skáti!“ Þessi setning hefur hljómað í eyrum okkar svo lengi sem við munum eftir okkur í skátafélagi. Einhvern tíma fannst okkur þetta e.t.v. vera klisja sem við höfð væri í þessum félagsskap og það má vel vera að einhverjum finnist það ennþá – en svo er ekki. Við finnum það æ betur eftir því sem við verðum eldri að í þessu felst mikill sannleikur.

Að gerast skáti er líka svolítið öðruvísi en að ganga í eitthvert annað félag. Til að komast í félagsskapinn þurfum við að ljúka ákveðnum prófum og til að komast þar áfram þurfum við að leysa ákveðnar þrautir. Búningurinn setur líka sinn svip á félagana og á honum má sjá hvaða þrautir við höfum getað leyst. Þar má t.d. sjá hvort við getum bundið um sár eða ratað um ókunn svæði af því að við kunnum að nota kort og áttavita. Nú - eða eldað mat sem enginn hefur skaða af að borða.

En þetta eru aðeins hin ytri ein-kenni skátafélagsins. Við erum skátar

þó að við séum ekki í búningi. Og það á að sjást á því að við högum okkur eins og skátalögin og skátaheitið inn-ræta okkur. Skátafélag getur því litið út eins og smækkuð mynd af þjóðfélagi. Í því samfélagi þurfum við alltaf að standa okkur til að komast áfram. Eitt er það enn sem ekki má heldur gleyma en það er skátaandinn. En hann næst ekki nema með samstilltu átaki þeirra sem vinna af heilindum og samstöðu að málefnum sem verið er að leysa.

Það hefur verið venja mörg undanfarin ár að koma saman í kirkjunni til að fagna sumarkomunni. Sumarkoman hefur lengst af verið með misjöfnum hætti. En viðbrögð okkar við henni hafa alltaf verið hin sömu. Við fylkjum liði undir fána og göngum til kirkju og syngjum sumarlög okkar og sálma. Ég gat um það í upphafi að einhverjum fyndist þetta kannski svolítið skrítið en ég hef alltaf litið svo á að þetta sýndi mikla staðfestu. Það sýnir vissulega staðfestu að syngja um vorkomu og fuglasöng þó að svo kalt sé úti að engin jurtt láti á sér kræla og enginn fugl komi upp nokkru hljóði fyrir hæsi. Þessa staðfestu eigum við að tileinka okkur þegar við erum ung og halda henni til æviloka. Það er allveg sama hvar við erum og hvað við erum að gera, hvort við erum í skóla eða vinnu. Alltaf þurfum við á þessari staðfestu að halda til að ná þeim árangri sem við teljum æskilegan.

Það er líka fleira en þetta úr skátaheitinu sem við þurfum stöðugt að

hafa í huga. Þar á meðal þá grein sem talar um skyldu okkar við Guð og ættjörðina. Þetta með ættjörðina kemur kannski ekki mikið til álita nema ef við erum erlendis og hugsam þá heim. Og auðvitað megum við aldrei bregðast ættjörðinni. En þetta með Guð er kannski nær okkur. Það er ekki af tilviljun að við erum nú stödd hér í kirkjunni en ekki einhvers staðar á öðrum stað. Það er svo venjulegt að við höfum kannski ekki hugsað út í það. Og vissulega er það ekki svo slæmt.

*Að ganga í kirkju er mörgum kært, sem kyrrðar leita.*

*Og allt þar inni finnst mér fært oss frið að veita,*

*þann frið, er mennirnir þreyttir þrá og þrautir linar þeim mörgum hjá, sem eru þá sífellt að þreyta.*

*Hvað er þá betra en koma í kyrrð í kirkjunni sinni.*

*Hún kannski er talin í stílbrigðum stírið.*

*Og staddur þar inni,*

*ég finn fyrir nálegð eilífra anda, um mig í þéttri hvirfingu standa.*

*Það afreðst af einlegni minni.*

Flest – ef ekki öll – höfum við játað trú á Guð. Við erum borin til skírnar af foreldrum okkar þegar við erum ómálga börn. Og síðan fáum við tækifæri til að staðfesta það heit við

ferminguna með því að lofa að leitast við að gera frelsarann að leiðtoga lífs okkar. Þetta er í flestum tilfellum í fyrsta sinn sem við þurfum opinberlega að taka afstöðu með eða á móti. Við hugsum misjafnlega mikið um þetta þegar við stöndum frammi fyrir því. Flestir taka því sem sjálfstöðum hlut en svo eru alltaf einhverjir unglingar sem ekki vilja fermast. Ástæðurnar eru sjálfsagt misjafnar. En flestir setja þeir fyrir sig að þeir séu of ungir til þess að taka þessa ákvörðun og séu ekki nógu trúaðir.

En hver er nógu trúaður á 14. aldursári? Trú á Guð er nokkuð sem þroskast með hverjum og einum eftir því sem árin líða og við kynnumst lífinu betur í margvíslegum myndum þess. Þegar við erum börn gerum við okkur ekki næga grein fyrir því hvers virði trúin er okkur. Að leita til Guðs þegar á móti blæs er ómetanlegt. Og það gera, sem betur fer, afar margir. Við sem erum í kring verðum þess ekki endilega vör vegna þess að fólk gerir slíkt gjarnan í einrómi. Þegar ég var á þessum aldri taldi ég mig ekki mjög trúaðan frekar en jafnaldrar mínir. Hún mamma sagði oft við okkur systkinin að enginn væri sterkari en hann væri studdur. Ég gaf ekki mikið út á það þá. Skildi varla það sem hún átti við. Ég fékk svo skýringu á þessu þegar ég var orðinn eldri.

Hún sagði mér að móðir sín hefði oft sagt þetta við sig þegar henni hefði þótt hún vera full einræn. Skýringin á þessu orðatiltæki væri einfaldlega sú

að maður væri mun sterkari ef einhver styddi mann – en þegar maður stæði einn. Þess vegna ætti maður ekki að gera lítið úr þeim styrk sem það gæfi manni að trú á Guð og handleiðslu hans. Sjálf sagðist hún hafa reynt þetta oft en einu sinni og það get ég einnig tekið undir hvað varðar sjálfan mig.

Þess vegna er um að gera, þegar við erum ung, að loka engum dyrum sem opnað gætu okkur aðgang að betri vegum. Það er ekki aðalatriðið að vera sífellt með nafn Guðs á vörnum. Hitt er meira um vert að reyna að sýna það í verki sem í kristindómnum felst: vináttu, kærleika og umburðarlyndi.

Þarna fellur vel saman tilgangur skátahreyfingarinnar og kirkjunnar.

Og þess vegna erum við hér stödd í dag til að þakka Guði fyrir að hafa komist heil fram á þennan dag. Slíkt er ekkert sjálfgefið eða að fá hér tækifæri til að fagna komandi sumri hvernig sem það svo kann að verða. Og enn komum við að staðfestunni sem ég nefndi áður. Við hlökkum til sumarsins, sem við vonum að verði bjart og sólríkt, en okkur fallast ekkert hendur þó að svo verði ekki. Þannig getum við tekið á flestum hlutum sem að höndum ber og til þess nýttist okkur það sem við lærðum í skátafélaginu og það sem okkur hefur verið innrætt í kristindómnum. Þess vegna skulum við ávallt varðveita í hugum okkar kjarna kristindómsins, skátaheitsins og skátalaganna og láta það verða okkur leiðarljós um alla framtíð.

## 76 fermingarborn á aldamótaári

Fermt verður hér á Akranesi fyrstu þrjú sunnudagana í apríl nk., dagana 2., 9. og 16. – bæði fyrir og eftir hádegi. Alls verða 76 börn fermd – að meðtöldum tveim ungmennum sem búsett eru erlendis og hafa „sótt tíma“ hjá sóknarpresti á Netinu í vetur (svona er nú tæknin orðin mikil!). Tvö önnur ungmenni, sem tekið hafa þátt í skírnaruppfræðslunni (eins og fermingarfræðslan heitir öðru nafni), verða fermd annars staðar.

Fermingarbornin ganga til spurninga hjá sóknarpresti einu sinni í viku allan veturinn – að undanskildum þeim tíma sem þau eru í jóla- og páskaleyfi. Í fermingarfræðslunni kynnast þau m.a. helgihaldi og sækja fjölskyldugudsþjónustu einu sinni í mánuði. Fyrrihluta marsmánaðar fara þau á námskeið í Skálholti og gista þar eina nótt. Þar fá þau gott tækifæri til að kynnast þessum þjóðarhelgidómi okkar.

Í byrjun þessa mánaðar verður haldin samkoma fyrir foreldra fermingarbarna líkt og gert var í fyrra – en þá kom Halla Jónsdóttir, uppeldisfræðingur og foreldri, og talaði um samskipti kynslóðanna. Organisti kirkjunnar, Katalín Lörincz, lék nokkur létt verk á píanóið – og boðnar voru veitingar. Foreldrar fjölmenntu og nutu þess sem í boði var.

Samveran í ár verður með líku sniði og í fyrra.

## Margir á Albanámskeiði

Um þessar mundir stendur yfir Albanámskeið á vegum Akraneskirky og KFUM og K. Hátt á annan tug fólks tekur þátt í því. Á námskeiði þessu er fjallað um grundvallaratriði kristinnar trúar á áhugaverðan og auðskilinn hátt. Kennir er á þriðjudagskvöldum – í ein 10 skipti. Fólk, sem sótt hefur þessi námskeið, hefur látið í ljós mikla ánægju með þau. Stefnir er að því að bjóða þeim sem lokið hafa fyrsta hlutanum framhaldsnámskeið næsta vetur.

## Hundruð skólabarna í heimsókn

Mikill fjöldi skólabarna, bæði úr leikskólum og grunnskólum hér á Akranesi, heimsóttu kirkjuna á adventunni, í mörgum hópum. Sóknarprestur talaði við þau um adventuna og hátíðina sem í vændum var og börnin sungu vinsæl jólalög og jólasálma við undirleik organistans, Katalín Lörincz. Þessar heimsóknir voru mjög vel heppnaðar og munu vafalítið styrkja tengsl kirkjunnar og unga fólksins til muna.

### Jesús mælti:

*„Sjá, ég er með yður  
alla daga, allt til  
enda veraldar“*

(Mt. 28.20b)

*„Það sem mönnum  
er um megn, það  
megnar Guð“*

(Lk. 18.27)

## Heimsóknir annarra safnaða

Stöku sinnum koma aðrir söfnuðir að heimsækja okkur hingað á Akranes – en þá er einkum um að ræða aldrað fólk eða sunnudagaskólabörn. Félög eldra fólks í Bústaðakirkju, Digraneskirky, Grafarvogskirkju og Langholtskirkju heimsóttu okkur síðast, hver hópur fyrir sig. Í fyrravetur komu hingað sunnudagaskólabörn úr Árbæjarkirkju, Seljakirkju og Grafarvogskirkju. Við höldum lokahátíð kirkjuskólans í fyrravor með börnunum úr síðastnefndu kirkjunni og var þá boðið upp á pylsuveislu í Safnaðarheimilinu Vinaminni að barnaguðsþjónustu lokinni.

Kirkjuskólinn okkar fór í eina heimsókn í fyrravetur og sótti þá barnaguðsþjónustu í Árbæjarkirkju – en það eru orðin nokkur ár frá því að söfnuðurinn okkar heimsótti síðast annan söfnuð. Þá var farið í Hafnarfjarðarkirkju. Vonandi líður ekki á löngu þar til við leggjum aftur land undir fót.

## Unga fólkið og kristnitökuafmælið

Í tilefni 1000 ára kristni á Íslandi bauð Akranessöfnuður öllum börnum og foreldrum þeirra að sjá leiksýninguna Ósýnilegi vinurinn 5. febrúar sl. Sýnt var í kirkjunni og var fullt út úr dyrum. Leikendur voru tveir, þau Eggert Kaaber og Katrín Þorkelsdóttir.

16. febrúar bauð svo Akraneskirkyja öllum 12 ára börnum – í samstarfi við Brekkubæjarskóla og Grundaskóla – að sjá leikritið Frá goðum til Guðs. Það fjallar um kristnitökuna og hefur alls staðar fengið einróma lof þar sem það hefur verið sýnt. Leikendur eru þrír, þau Ólafur Guðmundsson, Steinunn Ólafsdóttir og Ólöf Sverrisdóttir. Leikstjóri er Ása Hlín Svavarsdóttir.

Á æskulýðsdaginn, 5. mars og næsta sunnudag á eftir, 12. mars, verður flutt poppmessa í kirkjunni með þátttöku unglíngana sjálfra. Hannes Baldursson mun velja og æfa tónlistarfólkið. Flutt verða vinsæl, trúarleg lög og lesnir ritningartextar á milli. Vonast er til þess að ungmenni hér á Akranesi (og aðrir þeir sem ungir eru í anda) fjölmenni til kirkju þessa tvo sunnudaga og njóti þess sem þar verður flutt.

Fleiri samkomur verða fyrir ungmenni á Akranesi í tilefni af kristnitökuafmælinu en þær verða kynntar síðar.

## Fjölskylduguðsþjónustur vel sóttar

Fjölskylduguðsþjónustur hafa verið afar vel sóttar í vetur og verið nánast þéttsetinn bekkurinn í hverri þeirra. Ræður þar mestu um að fermingarbörnin fjölmenna ásamt foreldrum sínum. Ungmennin aðstoða í þessum guðsþjónustum og messuformið er léttara og meira við þeirra hæfi en formið sem notað er aðra sunnudaga. Presturinn flytur stutta prédíkun og sungnir eru fallegir barna- og æskulýðsálmar. Ásamt kór kirkjunnar hafa Barnakór Brekkubæjarskóla og Unglingakór Akraneskirky tekið þátt í söngnum og átt sinn þátt í að laða að kirkjugesti. Stjórnandi barnakóranna er Hannes Baldursson tónmenntakennari.

## Lestur Passíusálmanna

Sá síður, sem verið hefur í nokkrum kirkjum landsins á síðustu árum, að lesa alla Passíusálma Hallgríms Péturssonar á föstudaginn langa var tekinn upp í Akraneskirky fyrir tveim árum. Þá lét sr. Björn Jónsson, fyrrv. sóknarprestur, gamlan draum sinn rætast og las, að frumkvæði nýs sóknarprests, alla sálmana í heild sinni. Lesturinn tók 4 klukkustundir – en um miðbik gerði sr. Björn hlé á honum og söng litaniuna ásamt nokkrum félögum úr kirkjukórnum. Organisti kirkjunnar lék stutt tónverk á milli lestra. Á annað hundrað manns hlýddu á vandaðan og fallegan upplestur sr. Björns – en fólki var heimilt að koma og fara að vild.

Í fyrra lásu svo núverandi og fyrrverandi sóknarprestur Passíusálmanna á föstudaginn langa ásamt 8 sóknarnefndarmönnum. Kunnur kirkjugestir vel að meta þetta framtak sóknarnefndarfólksins. Organistinn lék sem fyrr stutt tónverk á milli lestra og Unnur H. Arnardóttir söng einsöng þegar upplesturinn var hálfnaður.

Enn og aftur verða Passíusálmarnir lesnir í kirkjunni á föstudaginn langa, 21. apríl nk.

## Fimm heiðraðir á sjómannadaginn

Sjómannadagurinn hefur lengi skipað háan sess í Akraneskirky. Messa að morgni þessa dags hefur um langt árabíll verið einhver virðulegasta og helgasta stund í guðsþjónustuhaldi kirkjunnar – enda hefur þeirri hátíðarsamkomu, allt frá árinu 1965, fylgt afhending heiðursmerkja, en það mun vera einsdæmi að slík athöfn fari fram í kirkju hér á landi.

Fimm voru heiðraðir á sjómannadaginn í fyrra. Þeir eru: Friðrik Jónsson, Guðmundur Magnús Jónsson, Helgi Ibsen, Vigfús Sigurðsson og Þórður Sigurðsson.

Þessir heiðursdregir voru allir dugmiklir sjómenn og skipstjórnendur, góðir aflamenn – og það sem er kannski mest um vert: Þeir eru allir miklir mannkostamenn!

## Kirkjudagurinn - fyrsti sunnudagur í nóvember

Sr. Þorsteinn Briem, sem hér þjónaði sem sóknarprestur á árunum 1921-46, var aðalhvatamaður þess að Akranessöfnuður helgaði sér tiltekinn dag sem næst allra heilagra messu og gerði hann að kirkjuhátíðardegi sínum.

Tilgangurinn með kirkjudeginum er í fyrsta lagi sá að glæða ást sóknarbarna á kirkju sinni, í öðru lagi að heiðra minningu látinna ástvina og forfeðra – og í þriðja lagi að skapa vettvang fyrir frjáls framlög og minningagjafir til kirkjunnar. Með þetta að leiðarljósi hefur dagurinn verið haldinn hátíðlegur í 75 ár.

Í guðsþjónustu á þessum degi eru lesin upp nöfn þeirra sem látist hafa hafa frá síðasta kirkjudegi og verið kvaddir í Akraneskirky.



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 11. apríl 1999 kl. 10:30.  
Með þeim á myndinni eru sr. Eðvarð Ingólfsson, sóknarprestur, sem fermdi  
og sr. Björn Jónsson, fyrrv. sóknarprestur, sem aðstoðaði við útdeilingu altarissakramentis.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 11. apríl 1999 kl. 14.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 18. apríl 1999 kl. 10:30.*



*Fermingarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 18. apríl 1999 kl. 14.*





*Feringarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 25. apríl 1999 kl. 10:30.*



*Feringarbörn í Akraneskirku sunnudaginn 25. apríl 1999 kl. 14.*

# Fermingarbörn á Akranesi vorið 2000

## Sunnudagur 2. apríl, kl. 10.30

*Arnar Þór Sigurbjörnsson, Suðurgötu 28.*  
(For.: Sigurbjörn Björnsson og Soffía Ómarsdóttir)  
*Aron Örn Sigurðsson, Viðigrund 2.*  
(For.: Sigurður Halldórsson og Lovísa Jónsdóttir)  
*Ágúst Örlaugur Magnússon, Suðurgötu 89.*  
(For.: Magnús Óskarsson og Jóna María Örlaugsdóttir)  
*Bryndís Odda Skúladóttir, Vesturgötu 97.*  
(For.: Skúli Bjarnason og María Brynjólfssdóttir)  
*Heiða Rós Nielsdóttir, Einigrund 1.*  
(For.: Niels Ó. Jónsson og Halla G. Hallvarðsdóttir)  
*Högni Haraldsson, Grenigrund 7.*  
(For.: Haraldur Friðriksson og Lilja Björk Högnadóttir)  
*Maren Lind Másdóttir, Esjuvöllum 16.*  
(For.: Már Vilbergsson og Margrét B. Arnfinnsdóttir)  
*Ólöf Sigríður Magnúsdóttir, Heiðarbraut 33.*  
(For.: Magnús Ingólfsson og Hlíf Björnsdóttir)  
*Svavar Páll Guðgeirsson, Jörundarholti 12.*  
(For.: Guðgeir Svavarsson og Kristín Ármannsdóttir)  
*Valgeir Ólafsson, Jörundarholti 224.*  
(For.: Ólafur Þórðarson og Friðmey B. Barkardóttir)  
*Valur Oddgeir Bjarnason, Furugrund 28.*  
(For.: Bjarni Þóróddsson og Kristín Dýrmundsdóttir)  
*Þór Bínó Friðriksson, Furugrund 10.*  
(For.: Auður Ásgeirsdóttir og Friðrik Erlingsson Karlsson)  
*Þórhildur Halla Jónsdóttir, Merkurteigi 4.*  
(For.: Jón Árni Friðjónsson og Halla I. Guðmundsdóttir)

## Sunnudagur 2. apríl, kl. 14

*Agnar Sigurjónsson, Jörundarholti 1c.*  
(For.: Sigurjón Skúlason og Ólöf Agnarsdóttir)  
*Áskell Jónsson, Stekkjarholti 17.*  
(For.: Jón Áskelsson og Kristbjörg Antoníusardóttir)  
*Ástþór Eyjólfsson, Vallarbraut 7.*  
(For.: Sólrún Hulda Ragnarsdóttir og Eyjólfur Steinsson. Fósturf.: Björgvin Guðjónsson)  
*Bryndís Kristinsdóttir, Garðabraut 7.*  
(For.: Kristinn Helgason og Kristbjörg Kjerúlf)  
*Elísa Eðvarðsdóttir, Laugarbraut 3.*  
(For.: Eðvarð Ingólfsson og Bryndís Sigurjónsdóttir)

*Eva Jóhannsdóttir, Vesturgötu 161.*  
(For.: Svandís Sturludóttir og Jóhann Daníel Thorleifsson. Fósturf.: Hannes Frímann Sigurðsson)  
*Hólmsteinn Þór Valdimarsson, Kirkjubraut 58.*  
(For.: Valdimar Stefán Hólmsteinsson og Guðrún Guðmundsdóttir)  
*Ingunn Dögg Eiríksdóttir, Reynigrund 43.*  
(For.: Eiríkur Þór Eiríksson og Ragnheiður Jónasdóttir)  
*Jón Valur Einarsson, Háholti 1.*  
(For.: Einar Ásgeirsson og Helga Jónsdóttir)  
*Kristinn Aron Hjartarson, Einigrund 11.*  
(For.: Kristín Ósk Guðmundsdóttir og Hjörtur Guðnason. Fósturf.: Gísli Jón Bjarnason)  
*Lára Björgvinsdóttir, Furugrund 2.*  
(For.: Björgvin S. Jónsson og Steinunn O. Guðmundsdóttir)  
*Pétur Óskar Pétursson, Arnarholti 3.*  
(For.: Pétur Kristjánsson og Dagný Þorlákssdóttir)  
*Srecko Veselinovic, Lerkigrund 6.*  
(For.: Dusko og Maria Veselinovic)

## Sunnudagur 9. apríl, kl. 10.30

*Benedikt Magnússon, Vesturgötu 47.*  
(For.: Magnús Benediktsson og Guðrún Jóhannesdóttir)  
*Berglind Ósk Pétursdóttir, Garðabraut 13.*  
(For.: Pétur Ármann Jóhannsson og Sigurveig H. Kristjánsdóttir)  
*Dagrún Davíðsdóttir, Viðigrund 12.*  
(For.: Davíð Kristjánsson og Sigrún Edda Árnadóttir)  
*Friða Björg Björgólfsdóttir, Grenigrund 14.*  
(For.: Björgólfur Einarsson og Jónína Guðmundsdóttir)  
*Helena Rós Sigurðardóttir, Melteigi 7.*  
(For.: Íris Gylfadóttir og Sigurður Skúlason)  
*Hörður Unnsteinsson, Dalbraut 27.*  
(For.: Unnsteinn Arason og Hólmfríður Héðinsdóttir. Fósturf.: Guðmundur Hallgrímsson)  
*Ingi Þór Árnason, Grenigrund 16.*  
(For.: Árni Þór Sigmundsson og Guðfinna Helga Hjartardóttir. Fósturf.: Sigrún Ríkhardsdóttir)  
*Jón Steinar Guðlaugsson, Vallarbraut 17.*  
(For.: Guðlaugur Elís Jónsson og Guðrífur Dóra Árnadóttir)  
*Jón Vilhelm Ákason, Viðigrund 14.*  
(For.: Áki Jónsson og Bryndís Tryggvadóttir)  
*Jónína Sigríður Grímsdóttir, Suðurgötu 21.*  
(For.: Björg Jósefsdóttir og Grímur Björnsson)

*Kári Harðarson, Vesturgötu 24.*

(For.: Hörður Jóhannesson og Ingibjörg Björnsdóttir)

*Sigurvin Sævar Haraldsson, Skagabraut 5.*

(For.: Haraldur Ásgeir Ásmundsson og María Gunnarsdóttir)

*Þorgerður Sveinsdóttir, Bjarkargrund 2.*

(For.: Sveinn Arnar Knúttsson og Elín Sigurbjörnsdóttir)

### Sunnudagur 9. apríl, kl. 14

*Alexander Eyjólfsson, Esjubraut 31.*

(For.: Eyjólfur Harðarson og Ása Valdimarsdóttir)

*Elisabeth Inga Ingimarsdóttir, Krókatúni 4a.*

(For.: Ingimar Steinþórsson og Hafdís Hafsteinsdóttir)

*Guðmundur Páll Hreiðarsson, Krókatúni 7.*

(For.: Hreiðar Áskelsson og Lára Guðmundsdóttir)

*Hafdís Mjöll Lárusdóttir, Vesturgötu 135.*

(For.: Lárus Ingibergsson og Ísabella Lárusdóttir)

*Hafdís Ragna Rúnarsdóttir, Vesturgötu 145.*

(For.: Jóhanna Steinunn Hauksdóttir og Rúnar Hreggviðsson. Fósturf.: Þröstur Unnar Guðlaugsson)

*Hafþór Ægir Vilhjálmsson, Lerkigrund 6.*

(For.: Vilhjálmur E. Birgisson og Þórhildur Björg Þórisdóttir)

*Hans Pétursson, Sandabraut 12.*

(For.: Pétur Hansson og Sigurlína Valgeirsdóttir)

*Heiðrún Ástríðardóttir, Einigrund 23.*

(For.: Árni Aðalsteinsson og Ástríður Sigurðardóttir)

*Kolbrún Hrund Þráinsdóttir, Merkgærði 4.*

(For.: Þráinn Þórarinnsson og Berglind Guðmundsdóttir)

*Kristinn Darri Röðulsson, Jörundarholti 180.*

(For.: Röðull Bragason og Arinbjörg Kristinsdóttir)

*Margrét Egilsdóttir, Sunnubraut 16.*

(For.: Egill Guðnason og Anna Arnardóttir)

*Ólöf Lilja Magnúsdóttir, Vesturgötu 109.*

(For.: Magnús Kristjánsson og Hulda Ragnarsdóttir)

*Páll Árni Guðmundsson, Jörundarholti 3.*

(For.: Guðmundur Örn Jensson og Anna María Ásgrímsdóttir)

*Stefán Halldór Jónsson, Suðurgötu 34.*

(For.: Jón Árnason og Sigurveig Stefánsdóttir)

### Sunnudagur 16. apríl, kl. 10.30

*Anna Líska Ævarsdóttir, Reynigrund 17.*

(For.: Ævar Gunnlaugsson og Jónína Sigurbjörg Einarsdóttir)

*Anna María Þráinsdóttir, Jörundarholti 30.*

(For.: Þráinn E. Gíslason og María S. Sigurðardóttir)

*Arnór Snær Sigmarsson, Reynigrund 33.*

(For.: Sigmar Jóhannesson og Lára Dóra Oddsdóttir)

*Ársæll Rafn Erlingsson, Laugarbraut 17.*

(For.: Erlingur Rafnsson og Þóra Gunnarsdóttir)

*Hallbera Guðný Gísladóttir, Viðigrund 11.*

(For.: Gísli Gíslason og Hallbera Jóhannesdóttir)

*Harpa Björk Einarsdóttir, Noregi.*

(For.: Birna Jónsdóttir og Einar Pálmi Árnason)

*Helga Helgadóttir, Lerkigrund 4.*

(For.: Anna Margrét Sveinsdóttir og Helgi Georgsson. Fósturf.: Hrafnkell Á. Proppé)

*Katrín Erika Hjálmarsdóttir, Heiðarbraut 37.*

(For.: Hjálmar Þór Jónsson og Erna Þorkeldsdóttir)

*Leó Jónsson, Skotlandi.*

(For.: Dröfn Guðmundsdóttir og Jón Elís Pétursson. Fósturf.: Simon McConnell)

*Marianna Pálsdóttir, Espigrund 3.*

(For.: Páll Indriði Pálsson og Sigríður Guðmundsdóttir. Fósturf.: Gunnar Sigurðsson)

*Rósa Linda Óladóttir, Jörundarholti 136.*

(For.: Óli Þór Heiðarsson og Guðrún S. Sveinsdóttir)

*Samúel Ágúst Samúelsson, Bjarkargrund 33.*

(For.: Samúel Ágústsson og Anna Berglind Einarsdóttir)

*Þóra Hlín Þórisdóttir, Jörundarholti 134.*

(For.: Þórir Bergmundsson og Guðríður Guðmundsdóttir)

### Sunnudagur 16. apríl, kl. 14

*Anna Ósk Sigurgeirsdóttir, Jörundarholti 24.*

(For.: Sigurgeir R. Sigurðsson og Herdís Jónsdóttir)

*Arna Dan Guðmundsdóttir, Jörundarholti 202.*

(For.: Guðmundur Á. Gunnarsson og Úrsúla Árnadóttir)

*Bergur Ingi Ásbjörnsson, Einigrund 27.*

(For.: Ásbjörn Ólafsson og María Þórunn Friðriksdóttir)

*Gísli Laxdal Sturlaugsson, Vogabraut 20.*

(For.: Sturlaugur Gíslason og Helga Þórný Albertsdóttir)

*Gunnar Gíslason, Jörundarholti 2.*

(For.: Gísli S. Reimarsson (+) og Ingibjörg Guðrún Sigurvaldadóttir. Fósturf.: Kristján Heiðar Baldursson)

*Hafdís Guðmundardóttir, Esjubraut 15.*

(For.: Rannveig Sigurjónsdóttir og Guðmundur Ólafsson. Fósturf.: Bergsteinn Metúsalemsson)

*Hildur María Sævarsdóttir, Garðabraut 45.*

(For.: Sævar Árnason og Helena María Ágústsdóttir)

*Jakob Ólafsson, Vesturgötu 153.*

(For.: Ólafur I. Jónsson og Ólína S. Björnsdóttir)

*Óttar Þór Ágústsson, Skarðsbraut 3.*

(For.: Ágúst Þórðarson og Dagbjört Hrönn Guðmundsdóttir)

*Þórdís Jenný Antonsdóttir, Suðurgötu 19.*

(For.: Anton Harðarson og Vigdís Sigurðardóttir)

# Bókargjöf til barna


- í tilefni af kristnitökuafmæli

Fyrir síðustu jól gaf Akraneskirkja öllum börnum á aldrinum 4ra til 10 ára í sókninni bókina Framtíðarlandið. 442 heimili fengu hana að gjöf. Tilefni gjafarinnar er það að 1000 ár eru liðin frá því að Íslendingar tóku kristna trú.

Framtíðarlandið er nokkurs konar aðventudagatal. Hverjum degi fylgir saga sem skrifuð er af norrænum rithöfundum og listamenn á Norðurlöndunum hafa myndskreytt allar sögurnar. Til gamans má geta þess að leiðtogiinn í barnastarfi Akraneskirkju í vetur, Elín Jóhannsdóttir, á tvær sögur í þessari bók.

Framtíðarlandið er sannkölluð fjölskyldubók! Allir í fjölskyldunni hafa bæði gagn og gaman af henni. Sögurnar njóta sín best þegar foreldrar lesa þær fyrir börnin. Þannig geta þær líka orðið kveikja að samtali um boðskapinn sem þær flytja. Bókinni er ætlað að endurspegla lífið á sem raunsæjastan hátt, gleði þess og sorg.

Framtíðarlandið er gott veganesti inn í nýja öld – með sögum sem byggjast á trú, von og kærleika. Það er einlæg ósk kirkjunnar að bókinn glæði vilja allra barna og foreldra til að móta framtíðina með trú og náungakærleika að leiðarljósi, efla hugrekki þeirra og styrki allar vonir.



## „Skundum á Þingvöll . . !“

**K**ristnihátíð verður haldin á Þingvöllum helgina 1.-2. júlí nk. Búið er við að þúsundir Íslendinga komi þar saman til þess að minnast 1000 ára kristni í landinu, þakka Guði fyrir það sem liðið er og biðja hann að blessa framtíð manns og þjóðar.

Á laugardegi verður lögð mikil áhersla á barna- og fjölskylduhátíð sem hefst með barnagudsþjónustu. Síðdegis verður syndajátning, confiteor, helgiganga til þeirra staða sem minna á skuggahliðar Íslandssögunnar á Alþingi.

Bænastaðir verða á hátíðarsvæðinu þar sem fólki gefst færi á að bera fram bænaefni og skrá á þar til gerð spjöld. Einnig verður hægt að draga sér ritningarorð í veganesti og ræða við presta eða djákna sem skiptast á að manna þessa bænastaði báða hátíðardagana.

Í Þingvallakirkju verður helgihald og fyrirbæn við eyktamörk og þar á milli upplestur úr mikilvægum textum úr trúararfi þjóðarinnar.

Í Hestagjá verður komið fyrir altari, palli og hljóðkerfi. Þar gefst hinum ýmsu kristnu trúfélögum, söfnuðum og áhugafólki kostur á að halda samkomur til vitnisburðar, lofgjörðar og fyrirbænar. Þar verður einnig aðstaða til að skíra og til hjónavígslna.

Á sunnudegi verður hátíðarmessa þar sem prestar landsins þjóna. Hátíðarsvið, hið stærsta á landinu, verður á völlum gegnt brekkunni. Þar verður háaltarið og pallar fyrir kór og hljómsveit sem leiða munu messusöng. Margir prestar munu útdeila sakramentinu með aðstoð djákna og leikmanna.

Akurnesingar og nærsveitungar eru, ekki síður en aðrir landsmenn, hvattir til þess að sækja kristnihátíðina á Þingvöllum – og njóta þess helgihalds og þeirrar dagskrár sem þar verður í boði. Við næstu árþúsundamót, árið 3000, verður of seint fyrir núlifandi kynslóðir að sækja hliðstæða hátíð!! Sjáumst því á Þingvöllum í sumari!

## *Breyttur viðtalstími sóknarprests*

Frá og með útgáfu nýrrar símaskrár í maí nk. breytist viðtalstími sóknarprests. Verður hann framvegis frá kl. 11.30 til 12.30 alla virka daga nema mánudaga.

Þessi viðtalstími er fyrst og fremst hugsaður fyrir símtöl og stuttar heimsóknir. Aðrir viðtalstímar verða eftir samkomulagi.

Ath. að sóknarprestur er sem fyrr með sérstakt símanúmer, 431 3290. Talhólf (símsvari) fer í gang þegar hann er ekki við á skrifstofu sinni. Þar er hægt að leggja inn skilaboð, ef ekki eru tæk á því að hringja á viðtalstíma, og hefur sóknarprestur þá samband við fyrsta tækifæri.

Einnig er hægt að koma skilaboðum til hans í síma safnaðarheimilisins, 431-1690 – á afgreiðslutíma þess.

## *Breyttur opnunartími safnaðarheimilisins*

Opnunartíma safnaðarheimilisins hefur nú verið breytt. Áður var opið frá kl. 13 til 16 – en framvegis verður opið frá kl. 10 til 16.

Símanúmerið er 431-1690.

# *Starfsfólk Akraneskirky*



Katalín Lörincz hefur verið organisti og stjórnandi kirkjukórsins frá 1993.



Þórný Elfsdóttir hefur verið kirkjuvörður og meðhjálpari frá 1992.



Magnea G. Sigurðardóttir hefur verið umsjónarmaður safnaðarheimilis frá 1992.



Elías Jóhannesson hefur verið gjaldkeri kirkjunnar, kirkjugarðsvörður og útfararstjóri frá 1995.

Auk ofangreindra starfsmanna hafa ýmsir aðrir komið að starfi hjá kirkjunni í lengri eða skemmri tíma, t.a.m. leiðtogar í barna- og æskulýðsstarfi.

Jesús mælti:

*„Ég er ljós heimsins.  
Sá sem fylgir mér,  
mun ekki ganga í myrkri,  
heldur hafa ljós lífsins“*

(Jóh. 8.12)

Jesús mælti:


*„Komið til mín,  
allir þér sem erfiði hafið  
og þungar byrðar,  
og ég mun veita yður hvíld“*

(Mt. 11.28)

## Akraneskirky

# Messur og samkomur framundan

- 3. mars:** (Alþjóðlegur bænadagur kvenna): Samkoma í kirkjunni kl. **20.**
- 5. mars:** (Æskulýðsdagurinn): Poppmessa kl. **14.**  
Kvöldvaka í Safnaðarheimilinu Vinaminni sama kvöld, kl. **20.**
- 8. mars:** Kristniboðssamkoma í kirkjunni kl. **20.**
- 9. mars:** Kristniboðssamkoma kl. **20.**
- 10. mars:** Kristniboðssamkoma kl. **20.**
- 12. mars:** Poppmessa kl. **14.**  
Tónleikar kirkjukóra og organista í Hallgrímskirky í Saurbæ kl. **16.**  
(Okkar fólk verður þar!)
- 19. mars:** Guðspjónusta og altarisganga kl. **14.**
- 26. mars:** Guðspjónusta kl. **14.**  
Dvalarheimilið Höfði: Messa kl. **12.45.**
- 2. apríl:** Fermingarguðspjónustur kl. **10.30** og **14.**
- 9. apríl:** Fermingarguðspjónustur kl. **10.30** og **14.**
- 16. apríl:** Fermingarguðspjónustur kl. **10.30** og **14.**
- 20. apríl:** (Skírdagur og sumardagurinn fyrsti):  
Skátamessa kl. **11.** Kvöldmáltíðarmessa kl. **20.30.**
- 23. apríl:** (Páskadagur): Hátíðarguðspjónustur kl. **8** og **14.**
- 24. apríl:** (Annar í páskum):  
Sjúkrahús Akraness: Hátíðarguðspjónusta kl. **10.30.**  
Dvalarheimilið Höfði: Hátíðarguðspjónusta kl. **12.45.**
- 7. maí:** Guðspjónusta kl. **14.**
- 14. maí:** Guðspjónusta kl. **14.**
- 21. maí:** Guðspjónusta og altarisganga kl. **11.** (Ath. nýr messutími)
- 28. maí:** Guðspjónusta kl. **11.**  
Dvalarheimilið Höfði: Messa kl. **12.45.**
- 1. júní:** (Uppstigningardagur – dagur aldraðra): Guðspjónusta kl. **14.**
- 4. júní:** (Sjómannadagur). Guðspjónusta kl. **11.**
- 11. júní:** (Hvítasunnudagur): Hátíðarguðspjónusta kl. **14.**  
Sjúkrahús Akraness: Hátíðarguðspjónusta kl. **10.30.**  
Dvalarheimilið Höfði: Hátíðarguðspjónusta kl. **12.45.**
- 17. júní:** (Þjóðhátíðardagur): Hátíðarguðspjónusta kl. **13.**
- 18. júní:** **Messuhlé!**
- 25. júní:** Guðspjónusta kl. **11.**



Heimilislínan er viðtæk fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og heimili sem hægt er að sníða að þörfum hvers og eins. Þjónustan er ætluð skilvísium viðskiptavinum sem vilja nýta sér fjölbreytt þjónustuúrval bankans á hagstæðum kjörum. Með Heimilislínu er lagður grunnur að traustum fjárhag heimilisins með góðri yfirsýn fjármála.

## ræktaðu garðinn þinn



### Betri kjör í Heimilislínu

- Gullreikningur (launareikningur) með hærri innlánsvöxtum
- Allt að 400 þúsund kr. yfirdráttarheimild með lægri vöxtum
- Visa farkort - fritt stofngjald og ókeypis árgjald fyrsta árið. Hægt er að breyta kortinu í veltikort
- Greiðsluþjónusta með útgjaldadreifingu
- Ókeypis Heimilisbanki á interneti
- Reglubundinn sparnaður inn á sparireikninga bankans eða verðbréfasjóði
- Sérstakur vaxtaauki tengdur reglubundnum sparnaði (14 vaxtaaukar dregnir út árlega)
- Allt að 500 þúsund kr. skuldabréfalán án ábyrgðarmanna til allt að fimm ára
- Fjármálahandbókin „Fjármál Heimilisins“ ofl.

**REYKJAVÍK**  
Búnaðarbankinn er banki  
menningarborgarinnar árið 2000

  
HEIMILISLÍNAN

 **BÚNAÐARBANKINN**  
-Traustur banki

# Lífeyrissparnaður

Landsbankans

Árið 2030  
munt þú  
geta gert  
ótrúlegustu  
hluti.

Vertu viss um  
að þú hafir efni á því.

© 2014 Landsbankinn hf.



- framtíðin bíður eftir þér

## Fjölbreytt val í lífeyrissparnaði:

- Lífeyrisbók Landsbankans: 2,2% viðbótarlífeyrissparnaður
- Fjárvörslureikningar Landsbréfa: 2,2% viðbótarlífeyrissparnaður
- Íslenski lífeyrissjóðurinn: 2,2% viðbótarlífeyrissparnaður
- Íslenski lífeyrissjóðurinn: 10% lögbundið lágmarksiðgjald
- Lífis lífeyrissöfnun: 2,2% viðbótarlífeyrissparnaður

Þjónustuver 560 6000 | Opíó frá 8 til 19



Landsbankinn

Betri banki